Reykjavíkurborg

Reykjavík, 17. mars 2022
SFS22020312

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 8. mars 2022 var lögð fram stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. mars 2022 og umsögnum um stefnuna.

Stefnan var samþykkt. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sósíalistaflokks Íslands og Flokks fólksins sátu hjá.

Stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf var vísað til borgarráðs. Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

> Stefna Reykjavíkur um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf tekur mið af menntastefnu borgarinnar og Græna planinu en í henni birtast viðmið fyrir nýbyggingar, viðbyggingar og breytingar á húsnæði fyrir leikskóla, frístundaheimili, grunnskóla, skólahljómsveitir og félagsmiðstöðvar. Sérstök áhersla er lögð á breiða þátttöku hagsmunaaðila í vinnunni. Það er sérstakt fagnaðarefni og til fyrirmyndar hve mikil rækt er lögð við að ávarpa hvernig laga þurfi húsnæði skóla og frístundastarfs að hinum fimm hæfniþáttum menntastefnunnar: félagsfærni, sjálfseflingu, heilbrigðu, læsi og sköpun.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

> Fulltrúa Flokks fólksins er umhugað um aðgengi og þátttöku fatlaðra barna og foreldra í skólastarfi enda eitt af baráttumálum Flokks fólksins. Í stefnu borgarinnar er hvergi lýst hvernig gera á ráð fyrir fötluðu fólki i skólastarfi. Samningur SÞ um réttindi fatlaðs fólks er víða í skólastarfinu ekki virtur. Tekið er undir ábendingu um að í drögum er tilvist fatlaðra barna í skólastarfi dregin saman í kafla aftarlega í skjalinu sem kallaður er Menntun án aðgreiningar – allir með. Það er einfaldlega ekki þannig að „allir séu með“ í „Skóla Reykjavíkur án aðgreiningar“. Margir tjá sig um algilda hönnun. Algild hönnun á að vera fyrir alla, á að tryggja sjálfstæði og reisn allra. Að breyta byggingum yfir í “algilda hönnun” er einfaldlega erfitt og varla hægt í mörgu grónu skólahúsnæði sem er löngu sprungið vegna fjölgunar nemenda. Nefna má þó Múlaborg en þar tókst ágætlega að gera breytingar sem stuðla að samnýtingu og samkennslu. Verulegar áhyggjur eru af framtíð skólamála í hverfum þar sem þétting er mest og mikil. Sama má segja um húsnæði fyrir íþróttakennslu eins og t.d. í Laugardal. Í Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla sem hafa sérstöðu vegna skiptingu árganga eru þrengsl óviðunandi og ekki sést glitta í lausnir.

Virðingarfyllst,

Helgi Grímsson

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavíkurborg

Hjálagt:

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf, merktar inn breytingar

Minnisblað, dags. 2.mars 2022

Umsagnir

Umhverfis- og skipulagssvið
Skóla- og frístundasvið

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Umhverfis- og skipulagssvið
Skóla- og frístundasvið

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI 4
MEGINÞEMU HÖNNUNAR 5

MENNTASTEFNAN OG NÁMSUMHVERFI 6

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST 8
FAGMENNSKA OG SAMSTARF Í ÖNDVEGI 14
SAMFELLA OG STÍGANDI Í STARFI MEÐ BÖRNUM 15

BYGGING, UMHVERFI OG SAMFÉLAG 18

INNI OG ÚTI ÁRIÐ UM KRING 25

ÁBYRG HÖNNUN 29

FORMÁLI

Reykjavík er borg í vexti. Nýjum hverfum fylgja nýjar byggingar fyrir skóla- og frístundastarfið. Á sama tíma er verið að þétta byggð og við það fjölgar börnum í rótgrónum hverfum. Því er þörf á margvíslegum endurbótum á eldra húsnæði fyrir frístunda- og skólastarf svo að tryggt sé að það mæti þörfum nútíðar og framtíðar.

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skapar umgjörð um starf í anda menntastefnu borgarinnar. Jafnframt er hún leiðarljós sem tekur mið af „Græna plani" Reykjavíkurborgar sem er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Skóla- og frístundasvið og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur hafa einnig sett fram viðmið fyrir nýbyggingar, viðbyggingar og breytingar á húsnæði fyrir leikskóla, frístundaheimili, grunnskóla, skólahljómsveitir og félagsmiðstöðvar.

Í viðmiðunum er að finna nánari leiðsögn til hönnuða um kröfur sem settar eru fram um einstök rými, tengsl, stærð, efnisval, búnað ofl.

Þá er sett fram forsögn fyrir hvert og eitt verkefni sem tengist nýbyggingum, viðbyggingum og endurbótum. Lögð er áhersla á breiða þátttöku í forsagnarvinnu þar sem helstu hagsmunaaðilar fá tækifæri til að móta sérstöðu hverrar byggingar. Mikilvægt er að hafa þarfir væntanlegra notenda að leiðarljósi þegar ráðist er í nýbyggingar, endurnýjun eða viðbætur húsnæðis og útisvæða. Þarfagreining forsagnar er lykill í öflun slíkra upplýsinga þar sem samráð við notendur varpar ljósi á fjölbreyttar þarfir þeirra og væntingar og mætir kröfum Reykjavíkurborgar um algilda hönnun og viðeigandi aðlögun.

Lögð er áhersla á að stefnan og viðmiðin séu endurskoðuð reglulega til að fanga reynslu, nýjar hugmyndir, breyttar kröfur og þarfir. Þessar þrjár stoðir; stefna, viðmið og forsögn, mynda heild sem hönnuðum ber að fylgja, auk þeirra laga og reglugerða sem eiga við í hverju og einu verkefni.

MEGINÞEMU HÖNNUNAR

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf markast af þremur þemum sem fanga meginmarkmið og áherslur. Hvert þema felur í sér áherslur um mannvirki og umhverfi og styður við markmið menntastefnunnar, gæði í hinu manngerða umhverfi og framtíðarsýn Græna plansins.

MENNTASTEFNAN OG NÁMSUMHVERFIÐ

Hér er horft til þeirrar umgjarðar sem skapa þarf í húsnæði skóla- og frístundastarfs til að hlúa að grundvallarþáttum menntastefnunnar. Þar er barnið í öndvegi og ólíkum þörfum þeirra og starfsfólks er mætt í umhverfinu og tekið tillit til jafnréttis- og margbreytileikasjónarmiða.

BYGGING, UMHVERFI OG SAMFÉLAG

Þetta þema hverfist um rýmisgildi byggingarinnar, þ.e. hvernig einstakir byggingarhlutar tengjast og tryggja sveigjanleika og fjölbreytni í notkun og rekstri. Samhliða er lögð áhersla á að byggingin skapi samfellu við umhverfi og samfélag.

ÁBYRG HÖNNUN

Græna planið er framtíðarsýn fyrir borgina og áætlun um græna endurreisn samfélagsins til framtíðar. Umhverfis-, fjárhags- og félagsleg sjálfbærni verður leiðarljós í ákvörðunum um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf. Með ásýnd sinni og virkni eiga þær að vera fyrirmynd barna og fullorðinna um það hvernig megi hanna og byggja, án þess að ganga á auðlindir komandi kynslóða og um leið að vera leiðarljós um gefandi og mannvænt samfélag. Mannvirki og umhverfi þeirra skulu styðja við markmið um kolefnishlutleysi, vernd náttúrusvæða, líffræðilega fjölbreytni og réttlátt og fjölbreytt borgarsamfélag.

MENNTASTEFNAN OG NÁMSUMHVERFIÐ

© XXXXXXXX

Í framtíðarsýn menntastefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.

Menntun er mikilvægur hluti af lífshlaupi allra og frístunda- og skólastarfið er sífellt að verða ríkari þáttur í daglegu lífi barna og unglinga. Framtíðin er hins vegar óráðin, við vitum ekki hvernig við högum frítíma okkar, hvaða tækni eða atvinnugreinar verða ríkjandi árið 2030. Við vitum þó að einstaklingar þurfa að búa yfir hæfni til að menntast, bæði formlega og óformlega, með virkri þátttöku í samfélaginu.

Menntastefnan leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Henni er ætlað að mæta þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Stefnan leggur áherslu á að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag. Hún hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð, en um leið um valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi.

Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Vinna á að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börn lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi, náttúru og heiminum öllum. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl. Hlutverk starfsfólks skóla- og frístundasviðs er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmenningar- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum.

Þegar ráðist er í nýbyggingar, viðbyggingar og endurbætur á aðstöðu í skóla- og frístundastarfi skapast tækifæri til að endurskoða starfshætti og inntak menntunar og þróa umhverfi sem hæfir formlegu og óformlegu námi frá sjónarhóli nútíðar og framtíðar. Nota þarf sérhvert tækifæri til að skapa aðstöðu og umgjörð fyrir framsækna starfshætti, breyttar þarfir og væntingar samfélagsins og nýja hæfni þar sem barnið og framtíð þess er í forgrunni.

Hafa ber í huga að þarfir barna eru mismunandi, m.a. eftir aldri, kyni, námsstigi, hæfni og áhugasviði. Huga þarf að líkamlegum, andlegum, vitsmunalegum og félagslegum þörfum einstaklinga og hópa allan daginn, allan ársins hring. Jafnréttis- og margbreytileikasjónarmið eru því nauðsynleg í allri hönnun aðstöðu fyrir frístunda- og skólastarf og kröfum um algilda hönnun og viðeigandi aðlögun skal mætt.

Tryggja þarf að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að þátttöku, heilbrigði, öryggi og vellíðan barna og starfsfólks.

„LÁTUM DRAUMANA RÆTAST“

Í menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ er lögð áhersla á að í öllu skóla- og frístundastarfi sé unnið með grundvallarþættina: félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði. Mikilvægt er að við hönnun húsnæðis fyrir skóla- og frístundastarf sé horft til grundvallarþáttanna og hvaða kröfur þeir gera til húsnæðis, umhverfis og aðstöðu. Einnig ættu leiðarljós um markvisst samstarf starfsfólks og virkni barna og þátttöku þeirra í starfinu að vera í öndvegi hönnunar. Lögð er áhersla á að barnafjölskyldur upplifi samfellu með viðeigandi stíganda í umhverfi og starfi barnanna.

FÉLAGSFÆRNI

Úr menntastefnu:
Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.

Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Mikilvægt er að húsnæðið styðji við þjálfun og eflingu félagsfærni í skóla- og frístundastarfi.

Það gerum við með því að:

- hafa stærri rými fyrir menningarviðburði og samveru stórra hópa
- hafa rými þar sem auðvelt er fyrir minni og stærri hópa að vera saman í námi, starfi, samveru og leik
- hafa minni rými fyrir teymisvinnu bæði barna og fullorðinna
- hafa útisvæði sem styður við samveru og leik þar sem líka er hægt að spjalla
- hafa fjölbreytt rými sem ýta undir virkni og þátttöku barna og fullorðinna.

Rými fyrir menningarviðburði og samveru stærri hópa

© Stapaskóli, Arkís arkitektar



minni rými fyrir teymisvinnu bæði barna og fullorðinna

© xxxx



© Unisport.dk. Frederiksbjergskole

Fjölbreytt rými sem ýta undir virkni og þátttöku barna og fullorðinna

Útisvæði sem styður við samveru og leik þar sem líka er hægt að spjalla

SJÁLFSEFLING

Úr menntastefnu:
Sjálfsefling felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsefling byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.

Unnið er að því að börn sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl.

Það gerum við með því að

- hafa umhverfi og aðbúnað aldurssamsvarandi svo það haldi vel utan um börn á ólíkum aldri og styrki öryggiskennd þeirra
- bjóða upp á umhverfi og aðbúnað sem ýta undir sjálfshjálp, sjálfstæð vinnubrögð og þrautseigju
- skapa umhverfi sem styður við sjálfsmynd barna og gefur þeim tækifæri til að vinna með áhugamál sín og styrkleika
- hafa rými sem bjóða upp á fjölbreytni og skapandi nálgun í vinnubrögðum, úrvinnslu og miðlun verkefna
- hafa „svið" bæði úti og inni fyrir leikræna tjáningu og framsögu
- hafa umhverfið, jafnt innan sem utandyra sem býður upp á fjölbreytt tækifæri til að takast á við líkamlegar og félagslegar áskoranir um leið og jafnréttis- og margbreytileiksjónarmiðum er mætt

Læsi

Úr menntastefnu:
Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

Í öllu skóla- og frístundastarfi er áhersla lögð á að styðja börn við að afla sér þekkingar og auka skilning á samfélagi og umhverfi.

Það gerum við með því að:

- hafa gott aðgengi að fjölbreyttum upplýsingum og lesefni, bæði stafrænu og í bókum
- sýna fjölbreyttar afurðir úr námsvinnunni með sýningum eða margbreytilegri miðlun
- hafa notaleg rými til að setjast niður með bók eða taka þátt í sögustund
- skapa góða aðstöðu til að tileinka sér vísindalega hæfni, náttúru-, miðla- og tæknilæsi
- bjóða upp á umhverfi sem hvetur til uppgötvana og áframhaldandi þekkingarleitar
- bjóða upp á lóð/útisvæði þar sem má upplifa og gera vísindalegar athuganir á náttúrunni og lögmálum hennar
- skapa námsrými sem bjóða upp á samstarf og samvinnunám þar sem hugað er að tilfinningalæsi, fjölbreyttum tjáningarformum og getunni til að setja sig í spor annarra.

Sköpun

Úr menntastefnu:
Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar.
Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið.

Sköpun og skapandi hugsun þjálfast á fjölbreyttan hátt, bæði innan dyra og utan, í samvinnu við aðra eða með okkur sjálfum. Húsnæði fyrir skóla- og frístundastarf og staðsetning þess þarf að skapa þessa möguleika.

Það gerum við með því að

- hafa viðeigandi aðstöðu og rými fyrir fjölbreytt list- og verknám, skapandi og listræna tjáningu.
- hafa rými fyrir þjálfun í leikrænni tjáningu, framkomu eða listflutningi einstaklinga og hópa
- hafa svæði/lóð utandyra sem styður við skapandi leiki, tilraunir, vatnssull, rót í sandi og mold
- hafa viðeigandi aðstöðu þar sem börn geta notið sín í frjálsum leik og tjáð sig á skapandi og listrænan hátt í gegnum fjölbreyttan efnivið.
- hafa aðstöðu til nýta framsækna tækni og aðferðarfræði hönnunar (e. design thinking) til náms og nýsköpunar m.a. í snillismiðjum („makerspaces" og „fablab"),
- hafa fjölnýtanleg einstaklingsrými fyrir tónlistarsköpun og hljóðfæranám, myndvinnslu o.fl.

Svæði utandyra sem styður við skapandi leiki, tilraunir, vatnssull, rót í sandi og mold.

© Dalskóli, Vaarkitektar

Aðstaða til nýta framsækna tækni og aðferðarfræði hönnunar (e. design thinking) til náms og nýsköpunar m.a. í snillismiðjum („makerspaces" og „fablab")

©AdobeStock

© Unisport.dk. Frediksbjergskole

Fjölbreytt rými sem ýta undir virkni og þátttöku barna og fullorðinna

© Dalskóli, Vaarkitektar

Kaffi- og mataraðstaða starfsfólks

Heilbrigði

Úr menntastefnu:
Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu.. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.

Unnið verður að því að öll börn tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og öðlist hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði.

Það gerum við með því að:

- hafa rými og aðbúnað sem stuðlar að öryggiskennd og vellíðan allra barna
- hafa sameiginleg rými þar sem börn geta þjálfað fín- og grófhreyfingar, s.s. stikl, klifur, skrið, jafnvægi og fleira
- hafa góðar tengingar milli úti og innisvæða og stuðla þannig að markvissu útinámi
- hafa aðstöðu til náttúruupplifunar og ræktunar innan- og utandyra og á nálægum grænum svæðum
- hafa rými þar sem börn geta matast í ró og næði og bjargað sér sjálf
- hafa aðstöðu sem býður upp á fjölbreytta hreyfingu fyrir einstaklinga, minni og stærri hópa jafnt í námi, starfi og leik.
- Hafa aðstöðu þar sem hægt er að finna ró og næði í dagsins önn

FAGMENNSKA OG SAMSTARF Í ÖNDVEGI

Úr menntastefnu:

Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar framsækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti. Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við foreldra. Fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða og milli starfsstaða stuðlar að þróun menntunar.

Til þess að stuðla að þverfaglegu starfi þarf að tryggja starfsfólki góða aðstöðu og búnað, en einnig að skapa rými og tíma fyrir ígrundun og hvíld.
Fjölskyldur barna í skóla- og frístundastarfi eru mikilvægir samstarfsaðilar þeirra sem þar starfa og deila með þeim ábyrgð á menntun og uppeldi. Því er mikilvægt að byggingar bjóði upp á aðlaðandi aðstöðu sem er tekur vel á móti foreldrum og fjölskyldum með ólíkan bakgrunn þannig að öll séu þau tilbúin til að taka þátt í námi, starfi og leik barnanna.

Það gerum við með því að

- tryggja rými sem bjóða upp á samstarf starfsmanna í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi
- staðsetja rými starfsfólks innan byggingar þannig að tími þeirra nýtist vel
- hafa aðstöðu til einbeitingar og hvíldar fyrir starfsfólk
- hafa skýra leiðarvísa inn í og um húsnæðið
- hafa bjóðandi og hlýlegan inngang
- bjóða upp á aðgengileg fundarherbergi
- hafa rými þar sem foreldra geta hitt hvert annað og starfsfólk

SAMFELLA OG STÍGANDI Í STARFI MEÐ BÖRNUM

Ungabörn

Reykjavíkurborg leggur ríka áherslu á að tryggja að börn geti hafið leikskólagöngu strax að loknu fæðingarorlofi foreldra, hvort heldur er í sérstökum ungbarnaleikskólum eða ungbarnadeildum. Umhverfi barna sem sækja leikskóla frá eins árs aldri verður að taka mið af tilfinninga-, félags-, líkams- og hreyfiþroska þeirra. Aðlögun einkennir fyrstu ár barns í leikskóla, sem og umhyggja í fyrstu skrefum í námi þess með öðrum börnum. Vellíðan og öryggi barna og foreldra eru lykilþættir svo leikskólagangan fari vel af stað. Umhverfi leikskólastarfs fyrir börn á þessum aldri þarf því að vera notalegt, afmarkað og umfaðmandi. Skapa þarf góða aðstöðu til að mæta grunnþörfum barnanna, til dæmis fyrir hvíld og svefn, mat og drykk, skiptiaðstöðu, leik og hreyfingu, jafnt innan- sem utandyra. Einnig þarf að huga að því hvernig rými tekur á móti foreldrum og fjölskyldum og stuðlar að vellíðan þeirra og að því að þau séu velkomin og mikilvægir samverkamenn í leikskólastarfinu.

Elstu börn leikskóla og yngstu nemendur grunnskóla

Sífellt fleiri fjölskyldur velja frístundaheimili fyrir börn sín að loknum skóladegi í 1.-4. bekk. Grunnþættir starfs í leikskóla og grunnskóla hafa verið samræmdir í gegnum aðalnámskrá og sveitarfélögum gert að bjóða upp á frístundaheimili sem framfylgja viðmiðum um gæði í starfi. Mikilvægt er að bregðast við ákalli samfélagsins um aukið samstarf og sveigjanleika um nám, starf og leik barna. Það er því skynsamleg ráðstöfun að starfsemi leikskóla, yngsta stigs grunnskóla og frístundaheimilis samnýti aðstöðu, eins og kostur er. Undir einu þaki fléttast saman umhyggja, nám og þroskavænlegt umhverfi, þar sem ólíkar fagstéttir skapa samfellt skóla- og frístundastarf í nánu samstarfi. Slíkt fyrirkomulag krefst nýrrar hugsunar og skörunar á mörgum sviðum, allt frá hönnun bygginga til skipulags og stjórnunar. Þarna mætast þrjár hefðir, leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili. Þekking og menning renna saman í daglegum leik og starfi og skapar samfellu.

Yngri skólabörn og eldri börn í leikskólastarfi þurfa sveigjanlegt námssvæði sem hæfir fjölbreyttu námi, starf og leik. Þau þurfa aðgengi að hreyfirými, listasmiðju og matstofu.

Í leikskólum þykir sjálfsagt að börn sulli í pollum, búi til moldarkökur, velti sér í snjónum, rúlli sér í grasinu og bjóði vindinum byrginn. Viðhalda þarf slíkri útivistarmenningu og aðstöðu til hennar á útisvæði fram til níu eða tíu ára aldurs og skapa tækifæri til útiveru, útikennslu, náttúruskoðunar og til að þjálfa úthald og seiglu. Skýr tenging þarf að vera milli byggingar og lóðar sem jafnframt skapar barnvæna heild. Útisvæði þarf að hafa náttúrlegt yfirbragð og hið náttúrulega og manngerða þarf að renna vel saman. Skapa þarf skjólsæl svæði með byggingunum sjálfum og með náttúrulegum hætti úti á lóðinni.

Eldri grunnskólabörn og unglingar í grunnskóla

Í aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir miklum sveigjanleika í námi og að börn eigi ríkulegt val um viðfangsefni, námsaðferðir, námsaðstæður og verkefnaskil. Á sama tíma er lögð áhersla á að börnin hafi góðan aðbúnað til náms á öllum námssviðum grunnskólans og aukast kröfurnar um þetta eftir því sem nemendur eldast. Unglingar vilja eiga fjölbreytt val um félaga og vini, hitta aðra með fjölbreytt áhugamál, geta horfið um stund í fjöldann eða verið stjarna dagsins eftir því hvernig dagsformið er. Mikilvægt er að unglingarnir njóti stuðnings fagfólks með ólíkan bakgrunn; kennara með sérþekkingu á ólíkum námssviðum, frístundaráðgjafa, námsráðgjafa, íþróttaþjálfara, markþjálfa, listamanna og matreiðslumanna sem geta gefið þeim byr undir báða vængi og stuðlað að því að hver og einn fái notið styrkleika sinna. Koma þarf til móts við börn og unglinga svo þau geti blómstrað út frá sínu áhugasviði og látið drauma sína rætast.

Mikilvægt er að í byggingu fyrir skóla- og frístundastarf fyrir eldri grunnskólabörn og unglinga sé góð aðstaða til náms á öllum námssviðum sem samnýtist vel í verk- og listnámi, í starfi félagsmiðstöðva, og til íþróttaiðkunar. Húsnæðið getur um leið verið samfélagsmiðstöð fyrir hverfið. Gera þarf ráð fyrir því í rýminu og skapa tækifæri til að samnýta húsið fyrir ólíka hópa barna, unglinga og fullorðinna. Horfa má til þess að unglingarnir vilji aðra aðstöðu til að matast en hefðbundinn matsal. „Kaffihús“, og sófakrókar gagnast vel í skóla- og frístundastarfi allan daginn, t.d. í hópastarfi, í starfi félagsmiðstöðvar og öðru félags- og menningarstarfi. Á lóð þarf að gera ráð fyrir áhugamálum og þörfum eldri barna og unglinga til athafna, íþrótta og samveru. Mikilvægt er að byggingin tengist vel umhverfinu og styrkleikar umhverfis séu nýttir til að efla tengsl skóla, frístundastarfs, samfélags og umhverfis.

Yngri skólabörn og eldri börn í leikskólastarfi þurfa sveigjanlegt námssvæði sem hæfir fjölbreyttu námi, starf og leik. Þau þurfa aðgengi að hreyfirými, listasmiðju og matstofu.

© Unisport.dk. Frediksbjergskole

BYGGING, UMHVERFI OG SAMFÉLAG

Mannvirki eru byggð til að endast í áratugi eða jafnvel aldir. Með þeim er verið að skapa varanleg verðmæti og umhverfi komandi kynslóða. Markmið borgarinnar er að vönduð byggingarlist skapi góða umgjörð fyrir skóla- og frístundastarfið þar sem fer saman framsækni, fagurfræði og notagildi. Byggingarnar, útisvæðið og nærumhverfið (náttúra og samfélag) halda utan um starfið og styðja við athafnir allra þeirra sem taka þátt í starfinu eða eiga erindi í aðstöðu leikskóla, frístundaheimila, grunnskóla, skólahljómsveita og félagsmiðstöðva í borginni.

Til að umgjörðin um fagstarfið á hverjum stað sé sem best er mikilvægt að vanda undirbúning, hönnun, framkvæmdir og rekstur mannvirkja allan líftíma þeirra.

Menntasamfélagið og manngerða umhverfið

Mikilvægt er að byggingar fyrir skóla- og frístundastarf tengist vel nærumhverfinu og að styrkleikar þess séu nýttir í hönnun. Byggingin og útisvæðið, staðsetning og hönnun á að styrkja stöðu skóla- og frístundastarfsins í samfélaginu, efla nærsamfélagið og styðja börn í að læra á nærumhverfi sitt.

Menntasamfélagið byggist alltaf upp í sameiningu af börnum, starfsfólki, foreldrum og öllum öðrum sem því tilheyra. Manngerða umhverfið og hönnun þess þarf að styðja við líf, leik og starf og gefa fólki þá tilfinningu að það tilheyri samfélagi. Byggingin og umhverfið þarf að styrkja samfélagið og mæta fjölbreyttum þörfum.

Vissulega skiptir miklu hvort verkefnið á hverjum tíma snúist um nýja byggingu, viðbyggingu við eldri byggingu eða endurgerð byggingar sem hefur átt sess í samfélagi sínu. Ætíð skal hafa í huga hvernig byggingin getur styrkt samfélagið og staðarkenndina og stuðlað að farsælum starfsháttum í skóla- og frístundastarfi til framtíðar.

Bygging og útisvæði eiga að mynda heildstætt umhverfi fyrir skóla- og frístundastarf en styðja jafnframt við ólíkar þarfir þeirrar starfsemi sem fram fer í hverri byggingu eða byggingarhluta.

Samhengið og sérstaðan í byggingunni og umhverfinu á að skapa notendum samastað, stað sem þeir eiga hlut í og eiga þátt í að móta.

Það gerum við með því að

- hafa samráð í hönnunarferlinu við aðila skólasamfélagsins
- láta sérkenni umhverfis og staðaranda lita hönnun húsnæðis og útisvæðis
- hafa góðar tengingar milli útisvæðis og helstu samgönguleiða
- staðsetja innganga þannig að aðgengi að helstu starfsemi sé einfalt og skýrt

Styðjast frekar við færanlegar innréttingar og húsbúnað en fastar innréttingar sem hæfa aðeins ákveðnum aldri



© Dokkl, Shl

Huga sérstaklega að því að dagsbirtan flæði vel inn í rými þar sem dvalið er í lengri tíma



© Dokkl, Shl

© Ævintýraborgir

Lita- og efnisval stuðli að vellíðan. Hafa fjölbreytt rými af ólíkum stærðum og gerðum og stuðla að ólíkri rýmisupplifun



© Dalskóli, Vaarkítektar

Huga skal vel að hljóðhönnun, hljóðeinangrun og hljóðdreifingu

Líðan og skynhrif

Góð líðan er forsenda náms og starfs. Mannvirki og umhverfi þeirra hafa áhrif á líðan okkar. Arkitektúr og rýmismyndun er sterkur áhrifavaldur og góð hönnun stuðlar þannig að vellíðan. Umhverfi og rými örvar skynjun okkar og stuðlar að auknum þroska. Þess vegna á umhverfið ekki að vera hlutlaust, heldur styðja og styrkja skóla- og frístundastarfið. Byggingin og nærumhverfi hennar á að örva með birtu, hljóði, lykt og yfirborði. Góð skynhrif af fallegu og örvandi umhverfi hafa líkamleg og tilfinningaleg áhrif sem eykur skilning á umhverfinu og skerpir upplifun. Myndlist og listskreytingar eru mikilvægur hluti sjónrænnar örvunar og þarf að vera hluti af heildarmynd hverrar byggingar.

Mikilvægt er að hægt sé að móta rýmin og stærð þeirra svo þau henti þeim aldurshópum sem þar vinna hverju sinni, haldi vel utan um börnin og stuðli að öryggiskennd þeirra og vellíðan. Þannig er mikilvægt að börnin upplifi að þau rými sem þau nota mest yfir daginn taki mið af aldri þeirra og þeim verkefnum sem þau vinna að á hverjum tíma.

Áherslu þarf að leggja á birtuskilyrði og áhrif góðrar birtu á notendur. Sérstaklega skal huga að því að sem flest rými njóti góðs af dagsbirtunni, þær stundir sem hennar nýtur. Vinna skal sérstaklega vel með hljóðvist í allri byggingunni, þannig að notendur geti unnið í ró og næði en upplifi ekki óþarfa streitu vegna hávaða frá öðrum.

Það gerum við með því að

- hafa fjölbreytta formmyndun
- lita- og efnisval stuðli að vellíðan
- hafa fjölbreytt rými af ólíkum stærðum og gerðum og stuðla að ólíkri rýmisupplifun
- styðjast frekar við færanlegar innréttingar og húsbúnað en fastar innréttingar sem hæfa aðeins ákveðnum aldri
- gera ráð fyrir því í hönnun og útfærslu að það sé mismunandi á milli ára hvaða og hvernig ólíkir aldurshópar nýta rýmin
- huga sérstaklega að því að dagsbirtan flæði vel inn í rými þar sem dvalið er í lengri tíma
- gera þarf ráð fyrir í tilteknum rýmum að hægt sé að útiloka dagsbirtu (leiksýningar, dansleikir o.þ.h.)
- nýta dagsbirtu til fulls í íverurýmum barna og starfsfólks
- huga vel að hljóðhönnun, hljóðeinangrun og hljóðdreifingu

Samspil rýma, samnýting og fjölnýting

Byggingar fyrir skóla- og frístundastarf á að móta þannig að flæði ólíkra starfshátta verði einfalt, eðlilegt og vel tengt innbyrðis. Almennt á að vera fjölbreytni og sveigjanleiki í rýmum byggingarinnar, mótun þeirra og hönnun. Það á einnig að vera möguleiki á því að hólfa rými af og loka þannig að hægt sé að vera í næði og ró og skapa öruggt umhverfi. Byggingin/byggingarnar og útisvæði skulu mynda heild sem þrátt fyrir ólík hlutverk tengjast vel.
Tryggja þarf að aðlaga megi bygginguna að breytilegum þörfum og breyttum áherslum í skóla- og frístundastarfi í nútíð og framtíð. Nauðsynlegt er að byggingin og einstakar einingar hennar séu fjölnýttar og samnýttar. Lögð er áhersla á að sem flest rými nýtist frá morgni til kvölds, alla daga. Mikilvægt er að hafa í huga hvernig afmarka megi notkun húsnæðis þegar mikil áhersla er lögð á sam- og fjölnýtingu.

Það gerum við með því að

- hafa góðar tengingar á milli svæða og rýma innan bygginga sem og góða tengingu á milli úti- og innirýma
- búa til vettvang fyrir ólíkar starfs- og kennsluaðferðir
- líta á öll rými barnanna sem samfellt námssvæði
- skapa með gluggum og gluggaveggjum sjónrænar tengingar innan byggingar sem stuðla að tilfinningu fyrir lífinu í byggingunni, yfirsýn og öryggi og hleypa birtu milli rýma
- stuðla að samnýtingu og samstarfi milli leikskóla, grunnskóla, skólahljómsveitar, frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar með mjúkum mörkum og sveigjanleika rýma
- haga aðgangsstýringu milli byggingahluta þannig að fjölnýting sé tryggð
- staðsetja innganga í bygginguna með markvissum hætti
- nýta létta veggi og stór dyraop svo hægt sé að breyta rýmum með auðveldum hætti
- gera ráð fyrir felliveggjum og renniflekum þar sem það er nauðsynlegt.

Stapaskóli / Arkís

Búa skal börnum öruggt umhverfi innan- og utandyra sem veitir þeim jafnframt áskorun og fjölbreytta hreyfingu.

© Unisport.dk. Frediksbjergskole

T.d. hlaupabrautir, rimla, kaðla og klifurveggi á göngum og í fjölnota svæðum

© Unisport.dk. Frediksbjergskole

© Dalskóli, Vaarkítektar

Skipuleggja matstofur með breytilegum búnaði, háum og lágum borðum, næðisaðstöðu, heimilislegum matarkrókum eða „kaffihúsi" sem hæfir ólíkum aldri

© Dalskóli, Vaarkítektar

Afmarka ákveðin svæði fyrir ákveðna barnahópa sem eru þeirra, s.s. fatahólf og hvíldarsvæði

Inni - Heimilislegt og heilsusamlegt umhverfi

Heimilislegt og heilsusamlegt umhverfi á að vera ráðandi í allri mótun og afmörkun svæða. Hugtakið „heima" skiptir börn og fullorðna máli því það felur í sér að allir tilheyri og finni fyrir öryggi og vellíðan. Börn eiga að hafa tækifæri til að setja sinn svip sinn á umhverfið með sköpun og gera það að sínu.

Hreyfing og íþróttir eiga ekki lengur einungis heima í íþróttahúsinu heldur um alla bygginguna. Börnin eiga að fá fjölbreytta aðstöðu til hreyfingar og margvíslegrar líkamsbeitingar.

Í matartíma er boðið upp á hollan, fjölbreytan og næringarríkan mat. Málsverðir eru mismunandi eftir aldri barnanna, en geta m.a. verið hafragrautur að morgni, heit máltíð í hádegi, síðdegishressing og ávaxtastund. Aðstaða til að matast þarf að vera aðlaðandi og notaleg og skapa góða matarmenningu, því það að framreiða, borða saman og ganga frá er hluti af menntun. Huga þarf að rýmisumgjörð og hljóðvist málsverða í samræmi við aldur og þroska barna. Í matstofu eiga börnin að geta sótt sér mat, snætt og gengið frá að máltíð lokinni. Boðið eru upp á fjölbreytni í húsbúnaði og börnin geta valið sér sæti eftir dagsforminu.

Það gerum við með því að

- búa börnum öruggt umhverfi innan- og utandyra sem veitir þeim jafnframt áskorun og fjölbreytta hreyfingu, t.d. hlaupabrautir, rimla, kaðla og klifurveggi á göngum og í fjölnota svæðum
- bjóða upp á tækifæri til hreyfingar og virkni jafnt innan- sem utandyra með hreyfistöðvum sem hvetja til leikja, í frjálsum tíma og stuttum hléum
- hafa hreyfisali í ýmsum stærðum, þar sem má stunda boltaíþróttir, jóga, dans, glímu eða aðra hreyfingu
- afmarka ákveðin svæði fyrir ákveðna barnahópa sem eru þeirra, s.s. fatahólf og hvíldarsvæði
- skipuleggja matstofur með breytilegum búnaði, háum og lágum borðum, næðisaðstöðu, heimilislegum matarkrókum eða „kaffihúsi" sem hæfir ólíkum aldri

Úti – Þar sem lífið er

Útisvæði, lóðir og nærumhverfi er aflvaki í öllu samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs við samfélagið. Mannvirkið og útisvæðið eru sameign borgarbúa og nýtast nærsamfélaginu allan ársins hring. Ríkulegt og spennandi leiksvæði eykur og bætir útiveru barna í frjálsum leik og fjölbreyttri hreyfingu, líka eftir að hefðbundnum skóla- og frístundadegi lýkur. Skapa þarf góð skilyrði á lóð fyrir útiveru, útinám og hreyfingu en einnig uppbyggilega samveru og samskipti sem efla félagsfærni. Hanna ber útisvæði þannig að þau skapi góð tengsl við náttúruna og efli náttúru- og fegurðarskynjun.
Mikilvægt er að huga að veðurfari á hverjum stað. Skapa þarf sólrík og skjólsæl útisvæði til að styðja við leik og samskipti og vanda til verka þannig að form og útfærsla mannvirkja dragi úr vind- og úrkomuálagi. Sérstaklega skal hafa í huga skjólmyndun á helstu aðkomuleiðum og við innganga að byggingunni.

Útinám er eðlilegur hluti starfsins allan daginn og allt árið um kring. Umhverfið á að vera hluti af námsumhverfinu og eiga sess í náminu.

Leiksvæði allra yngstu barnanna (1–3 ára) þarf að vera afmarkað, öruggt og á sama tíma krefjandi fyrir þennan aldur og bjóða upp á skynhrif og uppgötvanir í útivistinni. Börn hafa gaman að fara inn í, ofan í og undir hluti. Enda þótt leiksvæði séu örugg er mikilvægt að ekki sé gúmmíkúlugólf yfir öllu, heldur að börnin komist í snertingu við náttúruleg efni, ekki aðeins mold, sand og grjót heldur einnig runna, lyng og mosa. Útisvæði yngstu barnanna þurfa að vera í mikilli nálægð við innisvæði þessa hóps.
Leiksvæði eldri leikskólabarna og yngsta stigs grunnskóla og frístundaheimilis þarf að vera spennandi og bjóða upp á upplifun og ævintýri. Þau geta verið í örlítið meiri fjarlægð frá skóla- og frístundahúsnæðinu.

Leiksvæði eldri barna og unglinga þurfa að mæta þörfum þeirra fyrir hreyfingu og slökun og skapa námstækifæri í útikennslu. Útisvæði unglinga þarf að vera sérlega hvetjandi til útiveru s.s. með góðri aðstöðu fyrir knattspyrnu og körfuknattleik og aðra íþróttaiðkun.

Það gerum við með því að:

- bjóða upp á slitsterkt efni og setja gúmmímottur á álagssvæði þar sem það er nauðsynlegt
- hafa afmarkaða íþróttavelli og parísa, s.s. knattspyrnuvelli með gervigrasi og körfuboltavelli þannig að í stað hins ríkjandi, miðjusetta fótboltavallar á að skipta útisvæðinu upp í mörg ólík svæði, með áherslu á hlutlaust lita- og leikfangaval þannig að börn geti kosið hvar og hvernig þau leika sér, laus undan þrýstingi um að laga sig að staðalmyndum í umhverfi sínu
- afmarka hluta lóðar fyrir útikennslustofu
- hafa svæði sem mest með náttúrlegu yfirbragði og láta hið náttúrulega og manngerða renna vel saman
- hafa skúra, byrgi, skemmur eða kistur á útisvæðum til að geyma búnað
- setja upp endingargóð leiktæki sem örva hreyfigetu
- bjóða upp á áskoranir, tækifæri til að hlaupa, klifra, skríða í gegnum göng, moka, drullumalla eða fela sig fyrir ljónum og tígrisdýrum eða æfa sig fyrir þátttöku í skólahreysti.
- gera skjól úr steinhleðslum eða með náttúrulegum veggjum, trjám, gróðri eða mönum og skapa þannig notalegar aðstæður til samskipta og samtals.
- skapa börnum tækifæri til beinna tengsla og snertingar við gras, sand, vatn, mold, drullu, tré, lauf og fjölbreyttan gróður og þá um leið fjölbreytt smádýralíf
- bjóða upp á spjallaðstöðu fyrir miðstig og unglingastig (kofar/skýli o.fl.)
- hugsa útisvæðið sem vettvang náms á mörgum námssviðum

Skipta útisvæðinu upp í mörg ólík svæði, með áherslu á hlutlaust lita- og leikfangaval þannig að börn geti kosið hvar og hvernig þau leika sér, laus undan þrýstingi um að laga sig að staðalmyndum í umhverfi sínu

© Frederiksbjergskóli / Henning Larsen



© Dokk1

© Frederiksbjergskóli / Henning Larsen

Hafa skúra, byrgi, skemmur eða kistur á útisvæðum til að geyma búnað. Blágrænar ofanvatnslausnir

© Helgafellsskóli / Yrki arkítektar

Setja upp endingargóð leiktæki sem örva hreyfigetu

ÁBYRG HÖNNUN

Engin skilin eftir.
Í Reykjavík verður græna umbreytingin byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Íbúar búa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð.

Með ábyrgri hönnun er skapaður farvegur til framtíðar. Ábyrg hönnun tekur tillit til umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta. Ábyrg hönnun tekur framtíðinni opnum örmum og veitir nýrri tækni, þekkingu, hugmyndum og fjölbreytileika farveg.

Græna planið

Græna planið er heildarstefna Reykjavíkurborgar sem dregur upp framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030 og tengir lykilstefnur og áætlanir borgarinnar við þá sýn. Það er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir. Lykilvíddir græna plansins eru þrjár; efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta.

Grænn vöxtur

Í Reykjavík er kraftmikill grænn vöxtur, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsókna og athafna.

Kolefnishlutlaus borg

Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.

Reykjavík okkar allra

Reykvískt samfélag er byggt á réttlæti, sanngirni og þátttöku barna og fullorðinna. Borgarbúar lifa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigin líf og annarra. Með því að hlusta, miðla, rýna og þróa er suðlað að inngildingu þar sem engin er skilinn eftir.

Vistvæn hönnun

Við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur bygginga Reykjavíkurborgar er áhersla lögð á umhverfissjónarmið. Fylgja skal samþykktum borgarráðs frá 8. október 2015 um vistvæna vottun bygginga í samræmi við umhverfisvottunarkerfið BREEAM, þeim markmiðum sem sett eru fram í græna planinu og græna skuldabréfaramma Reykjavíkurborgar. Mikilvægt er að í hönnunarferlinu sé unnið markvisst að sjálfbærni, s.s. í stjórnun og skipulagi, við efnisval og með gerð lífsferilsgreininga.

Það gerum við með því að

- láta heilsu og vellíðan notenda byggingarinnar vera leiðarljós í hönnunarferlinu
- vistspor byggingarinnar sé lágmarkað með vandaðri hönnun
- vinna lífsferilsgreiningar
- efnisval og hönnun tryggi sem minnst umhverfisspor og að rekstrarkostnaður byggingarinnar sé í lágmarki
- í undirbúnings- og hönnunarferli sé tekið tillit til líftímakostnaðar en ekki einungis stofnkostnaðar

INNI OG ÚTI ÁRIÐ UM KRING

Leikskólinn, grunnskólinn, frístundaheimilið og félagsmiðstöðin er allt í senn námsumhverfi barnsins, heimili að heiman, samkomustaður og næðisrými. Þetta er vettvangur barnsins allan ársins hring, jafnt sumar, vetur, vor og haust.

Allan daginn

Leikskólabörn eru í skólanum árið um kring fyrir utan fjögurra vikna sumarleyfi. Þegar skóladegi og skólaári grunnskólans lýkur tekur frístundaheimilið og félagsmiðstöðin við og starf skólahljómsveitar fer fram allan skóladaginn og að loknum skóladegi. Starfsfólk er við störf í byggingunni fram eftir kvöldi og húsnæðið nýtist almenningi með fjölbreyttum hætti. Sú hugsun að skólahúsnæði sé lokað og nánast „líflaust" að loknum skóladegi og skólaári heyrir sögunni til. Taka þarf tillit til þessa í allri hönnun, jafnt í aðstöðu fyrir börnin, starfsfólk, aðra notendur, hönnun stoðrýma, lóðar og útisvæðis og aðkomu að byggingunni. Þetta gerir einnig ríkari kröfur um gæði byggingarefna og hönnunar þannig að viðhaldsþörf sé í lágmarki og að íverurýmin þoli bæði sólarálag, úrhelli og frosthörkur. Ræsting fer fram allan daginn, starfsfólk er við störf árið um kring, mötuneytið er í notkun allt árið, lóðin er sífellt undir átroðningi, viðhald byggingar þarf að fara fram á starfstímanum, anddyri þurfa jafnt að geta takið á móti snjóugum kuldagöllum og moldugum stígvélum. Það þarf að koma til móts við fjölbreytta starfsemi og fjölbreytt veðurfar allan daginn, árið um kring.

Það gerum við með því að

- skipta grunnhönnun rýma annars vegar í rými barna, almannarými og rými starfsmanna
- inngangar og anddyri þjóni tilgangi sínum í öllum veðrum, allan ársins hring
- tryggja að lofræstikerfi og gluggasetning mæti mismunandi hitastigi í umhverfinu
- haga gluggasetningu og staðsetningu íverurýma þannig að sólarálag skapi ekki vanda vegna ónógra loftgæða
- haga gluggasetningu þannig að notendur geti notið dagsbirtu og fylgst með lífinu í nærumhverfinu
- tryggja að öll byggingin og þá sérstaklega gluggar, hurðar, þök og ytri frágangur loftræstikerfa sé þannig að húsnæðið þoli vatns- og snjóálag í úrkomu og stórviðrum þannig að ekki komi leki að byggingu
- sjá til þess að síræsting geti farið fram
- efnisval á útisvæði, val á leiktækum og gróðri taki mið af stöðugri notkun allan ársins hring

Inngangar og anddyri skulu þjóna tilgangi sínum í öllum veðrum, allan ársins hring og vera vel merkt.



© Frederiksbjerg / Henning Larsen

Skipta grunnhönnun rýma annars vegar í rými barna, almannarými og rými starfsmanna

© Urriðaholtsskóli / Úti og inni arkitektar



© Frederiksbjerg / Henning Larsen

© Frederiksbjerg / Henning Larsen

Efnisval á útisvæði, val á leiktækum og gróðri taki mið af stöðugri notkun allan ársins hring

Upplýsingalíkan mannvirkja - BIM

Mikilvægt er að fagleg vinnubrögð séu viðhöfð við undirbúning, hönnun, framkvæmd og rekstur mannvirkis. Í stafrænni umbreytingu er nauðsynlegt að horfa til þess hvernig nýta megi tæknilausnir við hönnun og til að stjórna upplýsingum í hönnunar- og framkvæmdaferli. Þá skal horfa til hvernig má auka gæði og gagnsæi, bæta áhættustýringu og fá betri skilning og yfirsýn frá frumáætlunum og út líftíma mannvirkja.

Það gerum við með því að

- vinna upplýsingalíkan mannvirkja (BIM - building information model)
- borgin eigi upplýsingalíkan að lokinni framkvæmd og geti nýtt það við rekstur mannvirkis
- að upplýsingakerfi séu unnin í samræmi við byggingarflokkunarkerfi borgarinnar
- að líkön séu hæf til magntöku, kostnaðaráætlana og lífsferilsgreininga.

Byggingararfurinn okkar og sagan

Mikil verðmæti eru fólgin í mannvirkjum, byggingararfi og byggðamynstri. Byggingararfleiðin og menningararfurinn tengja okkur við og söguna og ræturnar. Arfleiðin hefur mótað og skapað okkur og er hluti af sjálfsmyndinni.

Í borginni setja skóla- og frístundamannvirki svip sinn á hverfin. Þau eru tilvísun í þann tíma sem þau voru byggð á og þá framtíð sem þá áttu að rúma. Þau og segja og sýna söguna, bæði áherslur í sýn til menntunar og arkitektúrs. Það er mikilvægt að hlúa að þeim mannvirkjum sem við eigum, byggja við þau af virðingu fyrir byggingarlistinni og sögulegu samhengi og muna að áfram er verið að skapa varanleg verðmæti og umhverfi komandi kynslóða.

Það gerum við með því að

- tryggja verndun og viðhald hins manngerða umhverfis í samræmi við sögulegt og byggingarlistalegt gildi þess
- stuðla að lifandi notkun og þróun mannvirkja með virðingu fyrir uppruna þeirra
- að tryggja mikilvæg sérkenni bæði byggingum og því umhverfi sem hún tengist og er hluti af

Tryggja skal verndun og viðhald hins manngerða umhverfis í samræmi við sögulegt og byggingarlistalegt gildi þess

© Laugalækjaskóli

Stuðla skal að lifandi notkun og þróun mannvirkja með virðingu fyrir uppruna þeirra

© Laugarnesskóli

© Melask´óli

© Laugalækjaskóli / Studio Granda

tryggja skal mikilvæg sérkenni bæði byggingum og því umhverfi sem hún tengist og er hluti af

Taka skal tillit til aðgengis fyrir alla
í allri hönnun jafnt innan sem utandyra

Tryggja skal að hljóðvist sé viðeigandi og hæfi þeirri
starfsemi sem fer fram í hverju og einu rými

Dalskóli / Vaarkitektar

Menntun án aðgreiningar – allir með

Náms- og leikumhverfi, jafnt innan sem utan dyra, á að skipuleggja þannig að það styði við þátttöku allra barna og starfsmanna. Við stækkun og breytingu á húsnæði á ætíð að huga að aðgengi fyrir alla, farsælli menntun án aðgreiningar, auknu jafnrétti, virkara lýðræði, menningarlegum fjölbreytileika og aukinni virkni allra barna í námi, starfi og leik.

Algild hönnun er höfð að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku, hönnun og útfærslur til að koma til móts við margbreytileika fólks sem hefur mismunandi eiginleika, hæfni og takmarkanir. Þannig er byggt á gildum um jafnræði og jafna möguleika til þátttöku í öllu starfi sem boðið er uppá í byggingunum og umhverfi þess. Þannig skal gera umhverfið aðgengilegra, stuðla jafnari tækifærum og auka lífsgæði. Þetta þarf bæði að hugsa um í efnislegu umhverfi, en einnig í samgöngutækifærum, upplýsingagjöf, búnaði og kerfum.

Góðar tengingar milli svæða innan og utan útisvæðis hafa mikið að segja um jafnt aðgengi, og er brýnt að huga að hugsanlegum hindrunum. Tilfinningalegt ástand og sjálfstæði barna með líkamlega fötlun og skynhömlun ræðst m.a. af aðgengi þeirra í húsnæðinu og útisvæði.
Huga þarf sérstaklega að hönnun sértækra rýma fyrir börn með langvarandi stuðningsþarfir. Slæm hljóðvist eins og bergmál, kliður, sem og slæm lýsing geta valdið viðkvæmum einstaklingum raunverulegum sársauka.

Rými þurfa því almennt að hafa viðeigandi hljóðvist og lýsing má ekki vera of skær eða flöktandi í sértækum rýmum. Þá verður að vera kostur að bjóða börnum og unglingum upp á afmörkuð rými þar sem hægt er að t.d. spila, lesa og spjalla saman án stöðugs áreitis, s.s. umgangs eða hávaða.

Það gerum við með því að

- taka tillit til aðgengis fyrir alla í allri hönnun jafnt innan sem utandyra
- tryggja að hljóðvist sé viðeigandi og hæfi þeirri starfsemi sem fer fram í hverju og einu rými
- sjá til þess að lýsing sé viðeigandi í hverju og einu rými
- Huga að því að byggingarefni gefi ekki frá sér ertandi lykt
- tryggja að lykt tengd starfsemi eins og mötuneyti og list- og verkgreinum berist ekki um bygginguna.
- hafa jafnréttis-, lýðræðis- og margbreytileikasjónarmið að leiðarljósi við alla hönnun

Vistvænar samgöngur

Byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skulu taka mið af samgöngustefnu Reykjavíkurborgar og bjóða upp á vistvænar samgöngur. Í stefnunni er gert ráð fyrir að færri komi á bíl og fleiri komi gangandi, hjólandi eða nýti almenningssamgöngur. Umferð bíla við byggingarnar þarf því að halda í algjöru lágmarki en þeim mun meira lagt upp úr góðum stígatengingum við stofn- og tengileiðir umhverfis svæðið. Huga skal vel að innviðum og styðja markvisst við virka og vistvæna samgöngumáta.

Huga þarf vel að útfærslum og umhverfi á hjólastígum í tengslum við það svæði sem verið er að fara um, t.d. að hraðleiðir séu ekki í gegnum útisvæðið.

Það gerum við með því að

- hafa hjólastæði og aðstöðu til að geyma hjól barna og foreldra gjarnan í námunda við innganga
- hafa yfirbyggða hjólageymslu eða aðra góða, læsta aðstöðu til að geyma hjól og hjálma, rafhlaupahjól og aðra fararskjóta.
- hafa góða vagnageymslu við leikskóla fyrir foreldra sem ganga með börn sín í leikskólann
- huga vel að öryggi gönguleiða barna til og frá skóla og í frístundastarf, sem og aðgengi að almennings-samgöngum
- bjóða upp á búningsaðstöðu og sturtur fyrir starfsfólk

hafa hjólastæði og aðstöðu til að geyma hjól barna og foreldra gjarnan í námunda við innganga



huga vel að öryggi gönguleiða barna til og frá skóla ogí frístunda-starf, sem og aðgengi að almenningssamgöngum

Dalskóli / Vaarkitektar

Huga skal vel að öryggi gönguleiða barna til og frá skóla og í frístundastarf, sem og aðgengi að almenningssamgöngum

útisvæði þar sem er mögulegt að hengja skyggnisegl yfir

Öryggismál

Húsnæði, lóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði að börnum, starfsfólki og gestum sé búið öruggt og heilsusamlegt umhverfi og aðbúnaður sem skapar öryggi og vellíðan. Í því tilliti þarf að hafa í huga m.a. aðkomu, aðgengi, aðgangsstýringu, aðgangsvöktun, öryggisleiðbeiningar, rýmingarleiðir, fallvarnir, eldvarnir, undirlag, gólfefni, loftræsingu, lýsingu, hitastig, hljóðvist og varnir gegn hávaða.

Heilbrigt húsnæði

Byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skulu stuðla að heilbrigðu umhverfi til þess að vernda heilsu, bæta frammistöðu, tryggja viðveru og auka hæfni til úrlausna hjá nemendum og starfsfólki. Heilbrigð innivist byggir meðal annars á eftirfarandi þáttum: loftgæðum, hljóðvist, lýsingu, rýmisnotkun, öryggi, aðgengi og umgjörð. Við hönnun, endurbætur og rekstur bygginga þarf að taka tillit til þessara þátta og fylgja leiðarvísum sem byggja á rannsóknum sem sýna fram á betri heilsu, vellíðan og frammistöðu notenda.

Umhverfi skólabygginga þarf að styðja við en ekki hindra tækifæri til þess að þroskast og dafna þar sem börn dvelja mestum hluta í skóla- og frístundabyggingum utan við heimili sitt. Tíðni sýkinga, sjúkdóma og kvilla má lækka með heilbrigðu umhverfi í byggingum og þar með minnka fjarveru frá skóla.

Heilbrigt umhverfi samanstendur af tengingu bygginga og náttúru og aðgengi þeirra sem nota byggingar að umhverfi sem gefur tækifæri til hreyfingar, snertingar við náttúru, tækifæri til að eiga samskipti og að njóta hollrar fæðu.

Inniloft hverrar byggingar sem er háð hönnun og rekstri er stór umhverfis- og áhrifaþáttur heilsu. Loftgæði ráðast af tíðni loftskipta, rakaástandi byggingar, efnisnotkun og hegðun notenda.

Börn eru einkar næm fyrir umhverfisáhrifum efna og því er mikilvægt að huga að efnisvali í þeirra umhverfi, hvort sem er við framkvæmd, viðhald eða rekstur, til þess að tryggja vellíðan þeirra til framtíðar. Mörg efni sem eru til staðar í hreinsiefnum og byggingarvörum geta haft raskandi áhrif á heilsu. Vistvænar vörur eru ekki heilnæmar í öllum tilfellum og því ætti ávallt að hafa það í huga við efnisval.

Til þess að stuðla að góðri upplifun nemenda og vellíðan í byggingum þarf einnig að huga að umgjörð, rýmisnotkun og fagurfræði. Þá þarf að halda byggingum vel við og tryggja að á rekstrartíma bygginga séu þær í samræmi við þann ásetning og kröfur sem lagt var upp með.

Það gerum við með því að

Hönnun:

- tryggja rakaöryggi; byggja þurrt, fylgja Rb blaði um rakaöryggi, velja hentug byggingarefni miðað við aðstæður og rakaálag, lágmarka viðhald, tryggja líftíma byggingarefna með því að velja gæði.
- huga að loftskiptum; loftræsing sé til staðar, loftskipti séu nægjanleg og uppfylli að minnsta kosti kröfur byggingarreglugerðar um skólahúsnæði, aðgengi og möguleiki til umsjónar loftræsibúnaðar, opnanleg fög séu aðgengileg og staðsett með tilliti til notkunar,
- velja efni sem eru með lága útgufun af rokgjörnum efnum sem spilla síður loftgæðum (þetta á við um innréttingar, húsbúnað, málningu, gólfefni og annað sem er veggfast)
- skrá notkun byggingarefna til að auðvelda endurbætur eða breytingar síðar
- taka tillit til þrifa í hönnun, svo að auðveldara verði að fylgja eftir góðum þrifum og rykhreinsun
- tryggja góða hljóðvist, þarf að uppfylla kröfur um skólahúsnæði og taka tillit til aðstæðna hverju sinni
- passa lýsingu, Þarf að uppfylla kröfur um skólahúsnæði og taka tillit til mismunandi þarfa eftir rýmum
- uppfylla allar kröfur um öryggi og aðgengismál í byggingu og umhverfi hennar

Það gerum við með því að

Framkvæmdir/endurbætur:

- tryggja gæði í framkvæmd, fylgja leiðarvísum framleiðanda um notkun og uppsetningu
- tímasetning framkvæmda verði þannig að þær trufli ekki loftgæði eða öryggi nemenda
- tryggja að við endurbætur sé hugað að betri innivist, betri loftgæðum, lýsingu og hljóðvist í samræmi við kröfur á hverjum tíma
- tryggja að framkvæmdir trufli ekki loftgæði, byggingarefnum sé ekki raskað þar sem notendur eru nálægt, tryggja að afmörkun viðgerðarrýma sé til staðar sérstaklega þegar er verið að laga rakaskemmdir
- fylgja leiðarvísum við hreinsun á raka- og myglusvæðum og fá fagaðila til verksins með réttan búnað og þekkingu
- fyrir framkvæmd þarf að ganga úr skugga um hvaða efni fari í niðurrif, sérstaklega kanna tilvist asbest
- velja byggingarefni með lága útgufun
- velja byggingarefni sem henta betur hverjum stað m.t.t. rakaálags, ágangs og notkunar
- taka sérstakt tillit til loftræsingar þar sem breytingar eru á notkun rýma eða skipulagi



Það gerum við með því að

Rekstur:

- fræða starfsfólk um mikilvægi loftgæða og hvernig sé hægt að stuðla að þeim í daglegu starfi
- tryggja þjónustu á loftræsikerfum samkvæmt handbók (s.s. tryggja hreinsun og að skipt sé um síur
- tryggja að loftflæði henta starfseminni hverju sinni
- tryggja aðgengi að opnanlegum fögum, opna glugga reglulega og a.m.k. á milli kennslustunda
- velja vistvæn og heilnæm efni án ilmefna við ræstingar
- huga að efnum sem eru notuð í skóla- og frístundastarfi t.d. í handmennt, myndmennt og smíðum og geta haft áhrif á loftgæði

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Umhverfis- og skipulagssvið
Skóla- og frístundasvið

Innihald

Formáli ... 4
Látum draumana rætast ... 5
Menntastefna Reykjavíkurborgar ... **Villa! Bókamerki ekki skilgreint.**
Byggingalist - Gæði mannvirkja og umhverfis ... **Villa! Bókamerki ekki skilgreint.**
Manngert umhverfi og samfélagið ... **Villa! Bókamerki ekki skilgreint.**
Meginþemu hönnunar ... 5
Byggingin og útisvæði ... 5
Menntastefnan og mannvirkin ... 5
Ábyrg hönnun – Græna planið ... 5
Byggingin og umhverfið ... **Villa! Bókamerki ekki skilgreint.**
Grunngildi bygginga og útisvæða ... **Villa! Bókamerki ekki skilgreint.**
Líðan og skynhrif ... 12
Samspil rýma, samnýting og fjölnýting ... 13
Inni og úti árið um kring ... 14
Allan daginn ... 14
Inni - Heimilislegt og heilsusamlegt umhverfi ... 15
Úti – Þar sem lífið er ... 15
Menntastefnan og mannvirkin ... **Villa! Bókamerki ekki skilgreint.**
Öll börn vaxi, dafni og uni sér saman ... 7
Ungabörn ... 10
Elstu börn leikskóla og yngstu nemendur grunnskóla ... 10
Eldri grunnskólabörn og unglingar í grunnskóla ... 11
Fagmennska og samstarf í öndvegi ... 9
Félagsfærni ... 7
Sjálfsefling ... 7
Læsi ... 8
Sköpun ... 8
Heilbrigði ... 9
Ábyrg hönnun ... 17
Græna Planið ... **Villa! Bókamerki ekki skilgreint.**
Vistvæn hönnun ... 17
Menntun án aðgreiningar – allir með ... 18
Vistvænar samgöngur ... 19
Heilbrigt húsnæði ... 20
Upplýsingalíkan mannvirkja - BIM ... **Villa! Bókamerki ekki skilgreint.**

Formáli

Reykjavík er borg í vexti. Nýjum hverfum fylgja nýjar byggingar fyrir skóla- og frístundastarfið. Á sama tíma er verið að þétta byggð og við það fjölgar börnum í rótgrónum hverfum. Því er þörf á margvíslegum endurbótum á eldra húsnæði fyrir frístunda- og skólastarf svo að tryggt sé að það mæti þörfum nútíðar og framtíðar.

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skapar umgjörð um starf í anda menntastefnu borgarinnar. Jafnframt er hún leiðarljós sem tekur mið af „Græna plani“ Reykjavíkurborgar sem er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Skóla- og frístundasvið og umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur hafa einnig sett fram **viðmið** fyrir nýbyggingar, viðbyggingar og breytingar á húsnæði fyrir leikskóla, frístundaheimili, grunnskóla, skólahljómsveitir og félagsmiðstöðvar. Í viðmiðunum er að finna nánari leiðsögn til hönnuða um kröfur sem settar eru fram um einstök rými, tengsl, stærð, efnisval, búnað ofl.

Þá er sett fram **forsögn** fyrir hvert og eitt verkefni sem tengist nýbyggingum, viðbyggingum og endurbótum. Lögð er áhersla á breiða þátttöku í forsagnarvinnu þar sem helstu hagsmunaaðilar fá tækifæri til að móta sérstöðu hverrar byggingar. Mikilvægt er að hafa þarfir væntanlegra notenda að leiðarljósi þegar ráðist er í nýbyggingar, endurnýjun eða viðbætur húsnæðis og útisvæða. Þarfagreining forsagnar er lykill í öflun slíkra upplýsinga þar sem samráð við notendur varpar ljósi á fjölbreyttar þarfir þeirra og væntingar og mætir kröfum um algilda hönnun og viðeigandi aðlögun.

Lögð er áhersla á að stefnan og viðmiðin séu endurskoðuð reglulega til að fanga reynslu, nýjar hugmyndir, breyttar kröfur og þarfir. Þessar þrjár stoðir; stefna, viðmið og forsögn, mynda heild sem hönnuðum ber að fylgja, auk þeirra laga og reglugerða sem eiga við í hverju og einu verkefni.

Meginþemu hönnunar

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf markast af þremur þemum sem fanga meginmarkmið og áherslur. Hvert þema felur í sér áherslur um mannvirki og umhverfi og styður við markmið menntastefnunnar, gæði í hinu manngerða umhverfi og framtíðarsýn Græna plansins.

Menntastefnan og mannvirkin

Hér er horft til þeirrar umgjarðar sem skapa þarf í húsnæði skóla- og frístundastarfs til að hlúa að grundvallarþáttum menntastefnunnar. Þar er barnið í öndvegi og ólíkum þörfum þeirra og starfsfólks er mætt í umhverfinu og tekið tillit til jafnréttis- og margbreytileikasjónarmiða.

Bygging, umhverfi og samfélag

Þetta þema hverfist um arkitektúrinn og rýmisgildi byggingarinnar, þ.e. hvernig einstakir byggingarhlutar tengjast og tryggja sveigjanleika og fjölbreytni í notkun og rekstri. Samhliða er lögð áhersla á að byggingin skapi samfellu við umhverfi og samfélag.

Ábyrg hönnun

Græna planið er framtíðarsýn fyrir borgina og áætlun um græna endurreisn samfélagsins til framtíðar. Umhverfis-, fjárhags- og félagsleg sjálfbærni verður leiðarljós í ákvörðunum um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf. Með ásýnd sinni og virkni eiga þær að vera fyrirmynd barna og fullorðinna um það hvernig megi hanna og byggja, án þess að ganga á auðlindir komandi kynslóða og um leið að vera leiðarljós um gefandi og mannvænt samfélag. Mannvirki og umhverfi þeirra skulu styðja við markmið um kolefnishlutleysi, vernd náttúrusvæða, líffræðilega fjölbreytni og réttlátt og fjölbreytt borgarsamfélag.

Menntastefnan og mannvirkin

Í framtíðarsýn menntastefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.

Menntun er mikilvægur hluti af lífshlaupi allra og frístunda- og skólastarfið er sífellt að verða ríkari þáttur í daglegu lífi barna og unglinga. Framtíðin er hins vegar óráðin, við vitum ekki hvernig við högum frítíma okkar, hvaða tækni eða atvinnugreinar verða ríkjandi árið 2030. Við vitum þó að einstaklingar þurfa að búa yfir hæfni til að menntast, bæði formlega og óformlega, með virkri þátttöku í samfélaginu.

Menntastefnan leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Henni er ætlað að mæta þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Stefnan leggur áherslu á að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélagi. Hún hverfist um börnin, þarfir þeirra og velferð í nútíð og framtíð, en um leið um valdeflingu starfsfólks og aukna fagmennsku í skóla- og frístundastarfi.

Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Vinna á að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Börn lesi sér til gagns og gamans, afli sér þekkingar og öðlist skilning á samfélagi, náttúru og heiminum öllum. Þau sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl.

Hlutverk starfsfólks skóla- og frístundasviðs er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmenningar- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum.

Tryggja þarf að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að þátttöku, heilbrigði, öryggi og vellíðan barna og starfsfólks.

Þegar ráðist er í nýbyggingar, viðbyggingar og endurbætur á aðstöðu í skóla- og frístundastarfi skapast tækifæri til að endurskoða starfshætti og inntak menntunar og þróa umhverfi sem hæfir formlegu og óformlegu námi frá sjónarhóli nútíðar og framtíðar. Nota þarf sérhvert tækifæri til að skapa aðstöðu og umgjörð fyrir framsækna starfshætti, breyttar þarfir og væntingar samfélagsins og nýja hæfni þar sem barnið og framtíð þess er í forgrunni.

Hafa ber í huga að þarfir barna eru mismunandi, m.a. eftir aldri, kyni, námsstigi, hæfni og áhugasviði. Huga þarf að líkamlegum, andlegum, vitsmunalegum og félagslegum þörfum einstaklinga og hópa allan daginn, allan ársins hring. Jafnréttis- og margbreytileikasjónarmið eru því nauðsynleg í allri hönnun aðstöðu fyrir frístunda- og skólastarf og kröfum um algilda hönnun og viðeigandi aðlögun skal mætt.

„Látum draumana rætast“

Í menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ er lögð áhersla á að í öllu skóla- og frístundastarfi sé unnið með grundvallarþættina: félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði. Mikilvægt er að við hönnun húsnæðis fyrir skóla- og frístundastarf sé horft til grundvallarþáttanna og hvaða kröfur þeir gera til húsnæðis, umhverfis og aðstöðu. Einnig ættu leiðarljós um markvisst samstarf starfsfólks og virkni barna og þátttöku þeirra í starfinu að vera í öndvegi hönnunar. Lögð er áhersla á að barnafjölskyldur upplifi samfellu með viðeigandi stíganda í umhverfi og starfi barnanna.

Félagsfærni

Úr menntastefnu:

> Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.

Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Mikilvægt er að húsnæðið styðji við þjálfun og eflingu félagsfærni í skóla- og frístundastarfi.

Það gerum við með því að:

- *hafa stærri rými fyrir menningarviðburði og samveru stórra hópa*
- *hafa rými þar sem auðvelt er fyrir minni og stærri hópa að vera saman í námi, starfi, samveru og leik*
- *hafa minni rými fyrir teymisvinnu bæði barna og fullorðinna*
- *hafa útisvæði sem styður við samveru og leik þar sem líka er hægt að spjalla*
- *hafa fjölbreytt rými sem ýta undir virkni og þátttöku barna og fullorðinna.*

Sjálfsefling

Úr menntastefnu:

> Sjálfsefling felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsefling byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.

Unnið er að því að börn sýni frumkvæði, skapandi og gagnrýna hugsun og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl.

Það gerum við með því að

- *hafa umhverfi og aðbúnað aldurssamsvarandi svo það haldi vel utan um börn á ólíkum aldri og styrki öryggiskennd þeirra*
- *bjóða upp á umhverfi og aðbúnað sem ýta undir sjálfshjálp, sjálfstæð vinnubrögð og þrautseigju*
- *skapa umhverfi sem styður við sjálfsmynd barna og gefur þeim tækifæri til að vinna með áhugamál sín og styrkleika*
- *hafa rými sem bjóða upp á fjölbreytni og skapandi nálgun í vinnubrögðum, úrvinnslu og miðlun verkefna*
- *hafa „svið“ bæði úti og inni fyrir leikræna tjáningu og framsögu*
- *hafa lóðir/útisvæði sem bjóða upp á fjölbreytt tækifæri til að takast á við líkamlegar og félagslegar áskoranir um leið og jafnréttis- og margbreytileiksjónarmiðum er mætt*

Læsi

Úr menntastefnu:

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

Í öllu skóla- og frístundastarfi er áhersla lögð á að styðja börn við að afla sér þekkingar og auka skilning á samfélagi og umhverfi.

Það gerum við með því að:

- *hafa gott aðgengi að fjölbreyttum upplýsingum og lesefni, bæði stafrænu og í bókum*
- *sýna fjölbreyttar afurðir úr námsvinnunni með sýningum eða margbreytilegri miðlun*
- *hafa notaleg rými til að setjast niður með bók eða taka þátt í sögustund*
- *skapa góða aðstöðu til að tileinka sér vísindalega hæfni, náttúru-, miðla- og tæknilæsi*
- *bjóða upp á umhverfi sem hvetur til uppgötvana og áframhaldandi þekkingarleitar*
- *bjóða upp á lóð/útisvæði þar sem má upplifa og gera vísindalegar athuganir á náttúrunni og lögmálum hennar*
- *skapa námsrými sem bjóða upp á samstarf og samvinnunám þar sem hugað er að tilfinningalæsi, fjölbreyttum tjáningarformum og getunni til að setja sig í spor annarra.*

Sköpun

Úr menntastefnu:

Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar eru opnar, lausnir margar og áhersla er lögð á framkvæmdina og sýnileika hennar. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið sjálft, næsta umhverfi og/eða samfélagið.

Sköpun og skapandi hugsun þjálfast á fjölbreyttan hátt, bæði innan dyra og utan, í samvinnu við aðra eða með okkur sjálfum. Húsnæði fyrir skóla- og frístundastarf og staðsetning þess þarf að skapa þessa möguleika.

Það gerum við með því að:

- *hafa viðeigandi aðstöðu og rými fyrir fjölbreytt list- og verknám, skapandi og listræna tjáningu.*
- *hafa rými fyrir þjálfun í leikrænni tjáningu, framkomu eða listflutningi einstaklinga og hópa*
- *hafa svæði/lóð utandyra sem styður við skapandi leiki, tilraunir, vatnssull, rót í sandi og mold*
- *hafa viðeigandi aðstöðu þar sem börn geta notið sín í frjálsum leik og tjáð sig á skapandi og listrænan hátt í gegnum fjölbreyttan efnivið.*
- *hafa aðstöðu til nýta framsækna tækni og aðferðarfræði hönnunar (e. design thinking) til náms og nýsköpunar m.a. í snillismiðjum („makerspaces“ og „fablab“),*
- *hafa fjölnýtanleg einstaklingsrými fyrir tónlistarsköpun og hljóðfæranám, myndvinnslu o.fl.*

Heilbrigði

Úr menntastefnu:

> Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.

Unnið verður að því að öll börn tileinki sér heilbrigðan lífsstíl og öðlist hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði.

Það gerum við með því að:

- *hafa rými og aðbúnað sem stuðlar að öryggiskennd og vellíðan allra barna*
- *hafa sameiginleg rými þar sem börn geta þjálfað fín- og grófhreyfingar, s.s. stikl, klifur, skrið, jafnvægi og fleira*
- *hafa góðar tengingar milli úti- og innisvæða og stuðla þannig að markvissu útinámi*
- *hafa aðstöðu til náttúruupplifunar og ræktunar innan- og utandyra og á nálægum grænum svæðum*
- *hafa rými þar sem börn geta matast í ró og næði og bjargað sér sjálf*
- *hafa aðstöðu sem býður upp á fjölbreytta hreyfingu fyrir einstaklinga, minni og stærri hópa jafnt í námi, starfi og leik.*

Fagmennska og samstarf í öndvegi

Úr menntastefnu:

> Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar framsækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti. Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við foreldra. Fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða og milli starfsstaða stuðlar að þróun menntunar.

Til þess að stuðla að þverfaglegu starfi þarf að tryggja starfsfólki góða aðstöðu og búnað, en einnig að skapa rými og tíma fyrir ígrundun og hvíld.
Fjölskyldur barna í skóla- og frístundastarfi eru mikilvægir samstarfsaðilar þeirra sem þar starfa og deila með þeim ábyrgð á menntun og uppeldi. Því er mikilvægt að byggingar bjóði upp á aðlaðandi aðstöðu sem er tekur vel á móti foreldrum og fjölskyldum með ólíkan bakgrunn þannig að öll séu þau tilbúin til að taka þátt í námi, starfi og leik barnanna.

Það gerum við með því að:

- *tryggja rými sem bjóða upp á samstarf starfsmanna í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi*
- *staðsetja rými starfsfólks innan byggingar þannig að tími þeirra nýtist vel*
- *hafa aðstöðu til einbeitingar og hvíldar fyrir starfsfólk*
- *hafa skýra leiðarvísa inn í og um húsnæðið*
- *hafa bjóðandi og hlýlegan inngang*
- *bjóða upp á aðgengileg fundarherbergi*
- *hafa rými þar sem foreldra geta hitt hvert annað og starfsfólk*

Samfella og stígandi í starfi með börnum

Ungabörn
Reykjavíkurborg leggur ríka áherslu á að tryggja að börn geti hafið leikskólagöngu strax að loknu fæðingarorlofi foreldra, hvort heldur er í sérstökum ungbarnaleikskólum eða ungbarnadeildum. Umhverfi barna sem sækja leikskóla frá eins árs aldri verður að taka mið af tilfinninga-, félags-, líkams- og hreyfiþroska þeirra. Aðlögun einkennir fyrstu ár barns í leikskóla, sem og umhyggja í fyrstu skrefum í námi þess með öðrum börnum. Vellíðan og öryggi barna og foreldra eru lykilþættir svo leikskólagangan fari vel af stað. Umhverfi leikskólastarfs fyrir börn á þessum aldri þarf því að vera notalegt, afmarkað og umfaðmandi. Skapa þarf góða aðstöðu til að mæta grunnþörfum barnanna, til dæmis fyrir hvíld og svefn, mat og drykk, skiptiaðstöðu, leik og hreyfingu, jafnt innan- sem utandyra. Einnig þarf að huga að því hvernig rými tekur á móti foreldrum og fjölskyldum og stuðlar að vellíðan þeirra og að því að þau séu velkomin og mikilvægir samverkamenn í leikskólastarfinu.

Elstu börn leikskóla og yngstu nemendur grunnskóla
Sífellt fleiri fjölskyldur velja frístundaheimili fyrir börn sín að loknum skóladegi í 1.-4. bekk. Grunnþættir starfs í leikskóla og grunnskóla hafa verið samræmdir í gegnum aðalnámskrá og sveitarfélögum gert að bjóða upp á frístundaheimili sem framfylgja viðmiðum um gæði í starfi.

Mikilvægt er að bregðast við ákalli samfélagsins um aukið samstarf og sveigjanleika um nám, starf og leik barna. Það er því skynsamleg ráðstöfun að starfsemi leikskóla, yngsta stigs grunnskóla og frístundaheimilis samnýti aðstöðu, eins og kostur er. Undir einu þaki fléttast saman umhyggja, nám og þroskavænlegt umhverfi, þar sem ólíkar fagstéttir skapa samfellt skóla- og frístundastarf í nánu

samstarfi. Slíkt fyrirkomulag krefst nýrrar hugsunar og skörunar á mörgum sviðum, allt frá hönnun bygginga til skipulags og stjórnunar. Þarna mætast þrjár hefðir, leikskóli, grunnskóli og frístundaheimili. Þekking og menning renna saman í daglegum leik og starfi og skapar samfellu. Yngri skólabörn og eldri börn í leikskólastarfi þurfa sveigjanlegt námssvæði sem hæfir fjölbreyttu námi, starfi og leik. Þau þurfa aðgengi að hreyfirými, listasmiðju og matstofu.

Í leikskólum þykir sjálfsagt að börn sulli í pollum, búi til moldarkökur, velti sér í snjónum, rúlli sér í grasinu og bjóði vindinum byrginn. Viðhalda þarf slíkri útivistarmenningu og aðstöðu til hennar á útisvæði fram til níu eða tíu ára aldurs og skapa tækifæri til útiveru, útikennslu, náttúruskoðunar og til að þjálfa úthald og seiglu. Skýr tenging þarf að vera milli byggingar og lóðar sem jafnframt skapar barnvæna heild. Útisvæði þarf að hafa náttúrlegt yfirbragð og hið náttúrulega og manngerða þarf að renna vel saman. Skapa þarf skjólsæl svæði með byggingunum sjálfum og með náttúrulegum hætti úti á lóðinni.

Eldri grunnskólabörn og unglingar í grunnskóla

Í aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir miklum sveigjanleika í námi og að börn eigi ríkulegt val um viðfangsefni, námsaðferðir, námsaðstæður og verkefnaskil. Á sama tíma er lögð áhersla á að börnin hafi góðan aðbúnað til náms á öllum námssviðum grunnskólans og aukast kröfurnar um þetta eftir því sem nemendur eldast. Unglingar vilja eiga fjölbreytt val um félaga og vini, hitta aðra með fjölbreytt áhugamál, geta horfið um stund í fjöldann eða verið stjarna dagsins eftir því hvernig dagsformið er. Mikilvægt er að unglingarnir njóti stuðnings fagfólks með ólíkan bakgrunn; kennara með sérþekkingu á ólíkum námssviðum, frístundaráðgjafa, námsráðgjafa, íþróttaþjálfara, markþjálfa, listamanna og matreiðslumanna sem geta gefið þeim byr undir báða vængi og stuðlað að því að hver og einn fái notið styrkleika sinna. Koma þarf til móts við börn og unglinga svo þau geti blómstrað út frá sínu áhugasviði og látið drauma sína rætast.

Mikilvægt er að í byggingu fyrir skóla- og frístundastarf fyrir eldri grunnskólabörn og unglinga sé góð aðstaða til náms á öllum námssviðum sem samnýtist vel í verk- og listnámi, í starfi félagsmiðstöðva, og til íþróttaiðkunar. Húsnæðið getur um leið verið samfélagsmiðstöð fyrir hverfið. Gera þarf ráð fyrir því í rýminu og skapa tækifæri til að samnýta húsið fyrir ólíka hópa barna, unglinga og fullorðinna. Horfa má til þess að unglingarnir vilji aðra aðstöðu til að matast en hefðbundinn matsal. „Kaffihús“, og sófakrókar gagnast vel í skóla- og frístundastarfi allan daginn, t.d. í hópastarfi, í starfi félagsmiðstöðvar og öðru félags- og menningarstarfi. Á lóð þarf að gera ráð fyrir áhugamálum og þörfum eldri barna og unglinga til athafna, íþrótta og samveru. Mikilvægt er að byggingin tengist vel umhverfinu og styrkleikar umhverfis séu nýttir til að efla tengsl skóla, frístundastarfs, samfélags og umhverfis.

Bygging, umhverfi og samfélag

Mannvirki eru byggð til að endast í áratugi eða jafnvel aldir. Með þeim er verið að skapa varanleg verðmæti og umhverfi komandi kynslóða. Markmið borgarinnar er að vönduð byggingarlist skapi góða umgjörð fyrir skóla- og frístundastarfið þar sem fer saman framsækni, fagurfræði og notagildi. Byggingarnar, útisvæðið og nærumhverfið (náttúra og samfélag) halda utan um starfið og styðja við athafnir allra þeirra sem taka þátt í starfinu eða eiga erindi í aðstöðu leikskóla, frístundaheimila, grunnskóla, skólahljómsveita og félagsmiðstöðva í borginni. Til að umgjörðin um fagstarfið á hverjum stað sé sem best er mikilvægt að vanda undirbúning, hönnun, framkvæmdir og rekstur mannvirkja allan líftíma þeirra.

Menntasamfélagið og manngerða umhverfið

Mikilvægt er að byggingar fyrir skóla- og frístundastarf tengist vel nærumhverfinu og að styrkleikar þess séu nýttir í hönnun. Byggingin og útisvæðið, staðsetning og hönnun á að styrkja stöðu skóla- og frístundastarfsins í samfélaginu, efla nærsamfélagið og styðja börn í að læra á nærumhverfi sitt.

Menntasamfélagið byggist alltaf upp í sameiningu af börnum, starfsfólki, foreldrum og öllum öðrum sem því tilheyra. Manngerða umhverfið og hönnun þess þarf að styðja við líf, leik og starf og gefa fólki þá tilfinningu að það tilheyri samfélagi. Byggingin og umhverfið þarf að styrkja samfélagið og mæta fjölbreyttum þörfum.

Vissulega skiptir miklu hvort verkefnið á hverjum tíma snúist um nýja byggingu, viðbyggingu við eldri byggingu eða endurgerð byggingar sem hefur átt sess í samfélagi sínu. Ætíð skal hafa í huga hvernig byggingin getur styrkt samfélagið og staðarkenndina og stuðlað að farsælum starfsháttum í skóla- og frístundastarfi til framtíðar.

Bygging og útisvæði eiga að mynda heildstætt umhverfi fyrir skóla- og frístundastarf en styðja jafnframt við ólíkar þarfir þeirrar starfsemi sem fram fer í hverri byggingu eða byggingarhluta.

Samhengið og sérstaðan í byggingunni og umhverfinu á að skapa notendum samastað, stað sem þeir eiga hlut í og eiga þátt í að móta.

Það gerum við með því að:

- *hafa samráð í hönnunarferlinu við aðila skólasamfélagsins*
- *láta sérkenni umhverfis og staðaranda lita hönnun húsnæðis og útisvæðis*
- *hafa góðar tengingar milli útisvæðis og helstu samgönguleiða*
- *staðsetja innganga þannig að aðgengi að helstu starfsemi sé einfalt og skýrt*

Líðan og skynhrif

Góð líðan er forsenda náms og starfs. Mannvirki og umhverfi þeirra hafa áhrif á líðan okkar. Arkitektúr og rýmismyndun er sterkur áhrifavaldur og góð hönnun stuðlar þannig að vellíðan. Umhverfi og rými örvar skynjun okkar og stuðlar að auknum þroska. Þess vegna á umhverfið ekki að vera hlutlaust, heldur styðja og styrkja skóla- og frístundastarfið. Byggingin og nærumhverfi hennar á að örva með birtu, hljóði, lykt og yfirborði. Góð skynhrif af fallegu og örvandi umhverfi hafa líkamleg

og tilfinningaleg áhrif sem eykur skilning á umhverfinu og skerpir upplifun. Myndlist og listskreytingar eru mikilvægur hluti sjónrænnar örvunar og þarf að vera hluti af heildarmynd hverrar byggingar.

Mikilvægt er að hægt sé að móta rýmin og stærð þeirra svo þau henti þeim aldurshópum sem þar vinna hverju sinni, haldi vel utan um börnin og stuðli að öryggiskennd þeirra og vellíðan. Þannig er mikilvægt að börnin upplifi að þau rými sem þau nota mest yfir daginn taki mið af aldri þeirra og þeim verkefnum sem þau vinna að á hverjum tíma.

Áherslu þarf að leggja á birtuskilyrði og áhrif góðrar birtu á notendur. Sérstaklega skal huga að því að sem flest rými njóti góðs af dagsbirtunni, þær stundir sem hennar nýtur. Vinna skal sérstaklega vel með hljóðvist í allri byggingunni, þannig að notendur geti unnið í ró og næði en upplifi ekki óþarfa streitu vegna hávaða frá öðrum.

Það gerum við með því að:

- *hafa fjölbreytta formmyndun*
- *lita- og efnisval stuðli að vellíðan*
- *hafa fjölbreytt rými af ólíkum stærðum og gerðum og stuðla að ólíkri rýmisupplifun*
- *styðjast frekar við færanlegar innréttingar og húsbúnað en fastar innréttingar sem hæfa aðeins ákveðnum aldri*
- *gera ráð fyrir því í hönnun og útfærslu að það sé mismunandi á milli ára hvaða og hvernig ólíkir aldurshópar nýta rýmin*
- *huga sérstaklega að því að dagsbirtan flæði vel inn í rými þar sem dvalið er í lengri tíma*
- *gera þarf ráð fyrir í tilteknum rýmum að hægt sé að útiloka dagsbirtu (leiksýningar, dansleikir o.þ.h.)*
- *nýta dagsbirtu til fulls í íverurýmum barna og starfsfólks*
- *huga vel að hljóðhönnun, hljóðeinangrun og hljóðdreifingu*

Samspil rýma, samnýting og fjölnýting

Byggingar fyrir skóla- og frístundastarf á að móta þannig að flæði ólíkra starfshátta verði einfalt, eðlilegt og vel tengt innbyrðis. Almennt á að vera fjölbreytni og sveigjanleiki í rýmum byggingarinnar, mótun þeirra og hönnun. Það á einnig að vera möguleiki á því að hólfa rými af og loka þannig að hægt sé að vera í næði og ró og skapa öruggt umhverfi. Byggingin/byggingarnar og útisvæði skulu mynda heild sem þrátt fyrir ólík hlutverk tengjast vel.

Tryggja þarf að aðlaga megi bygginguna að breytilegum þörfum og breyttum áherslum í skóla- og frístundastarfi í nútíð og framtíð. Nauðsynlegt er að byggingin og einstakar einingar hennar séu fjölnýttar og samnýttar. Lögð er áhersla á að sem flest rými nýtist frá morgni til kvölds, alla daga. Mikilvægt er að hafa í huga hvernig afmarka megi notkun húsnæðis þegar mikil áhersla er lögð á sam- og fjölnýtingu.

Það gerum við með því að

- *hafa góðar tengingar á milli svæða og rýma innan bygginga sem og góða tengingu á milli úti- og innirýma*
- *búa til vettvang fyrir ólíkar starfs- og kennsluaðferðir*
- *líta á öll rými barnanna sem samfellt námssvæði*
- *skapa með gluggum og gluggaveggjum sjónrænar tengingar innan byggingar sem stuðla að tilfinningu fyrir lífinu í byggingunni, yfirsýn og öryggi og hleypa birtu milli rýma*

- *stuðla að samnýtingu og samstarfi milli leikskóla, grunnskóla, skólahljómsveitar, frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar með mjúkum mörkum og sveigjanleika rýma*
- *haga aðgangsstýringu milli byggingahluta þannig að fjölnýting sé tryggð*
- *staðsetja innganga í bygginguna með markvissum hætti*
- *nýta létta veggi og stór dyraop svo hægt sé að breyta rýmum með auðveldum hætti*
- *gera ráð fyrir felliveggjum og renniflekum þar sem það er nauðsynlegt.*

Inni og úti árið um kring

Leikskólinn, grunnskólinn, frístundaheimilið og félagsmiðstöðin er allt í senn námsumhverfi barnsins, heimili að heiman, samkomustaður og næðisrými. Þetta er vettvangur barnsins allan ársins hring, jafnt sumar, vetur, vor og haust.

Allan daginn

Leikskólabörn eru í skólanum árið um kring fyrir utan fjögurra vikna sumarleyfi. Þegar skóladegi og skólaári grunnskólans lýkur tekur frístundaheimilið og félagsmiðstöðin við og starf skólahljómsveitar fer fram allan skóladaginn og að loknum skóladegi. Starfsfólk er við störf í byggingunni fram eftir kvöldi og húsnæðið nýtist almenningi með fjölbreyttum hætti. Sú hugsun að skólahúsnæði sé lokað og nánast „líflaust“ að loknum skóladegi og skólaári heyrir sögunni til. Taka þarf tillit til þessa í allri hönnun, jafnt í aðstöðu fyrir börnin, starfsfólk, aðra notendur, hönnun stoðrýma, lóðar og útisvæðis og aðkomu að byggingunni. Þetta gerir einnig ríkari kröfur um gæði byggingarefna og hönnunar þannig að viðhaldsþörf sé í lágmarki og að íverurýmin þoli bæði sólarálag, úrhelli og frosthörkur. Ræsting fer fram allan daginn, starfsfólk er við störf árið um kring, mötuneytið er í notkun allt árið, lóðin er sífellt undir átroðningi, viðhald byggingar þarf að fara fram á starfstímanum, anddyri þurfa jafnt að geta tekið á móti snjóugum kuldagöllum og moldugum stígvélum. Það þarf að koma til móts við fjölbreytta starfsemi og fjölbreytt veðurfar allan daginn, árið um kring.

Það gerum við með því að

- *skipta grunnhönnun rýma annars vegar í rými barna, almannarými og rými starfsmanna*
- *inngangar og anddyri þjóni tilgangi sínum í öllum veðrum, allan ársins hring*
- *tryggja að lofræstikerfi og gluggasetning mæti mismunandi hitastigi í umhverfinu*
- *haga gluggasetningu og staðsetningu íverurýma þannig að sólarálag skapi ekki vanda vegna ónógra loftgæða*
- *haga gluggasetningu þannig að notendur geti notið dagsbirtu og fylgst með lífinu í nærumhverfinu*
- *tryggja að öll byggingin og þá sérstaklega gluggar, hurðir, þök og ytri frágangur loftræstikerfa sé þannig að húsnæðið þoli vatns- og snjóálag í úrkomu og stórviðrum þannig að ekki komi leki að byggingu*
- *sjá til þess að síræsting geti farið fram*
- *efnisval á útisvæði, val á leiktækum og gróðri taki mið af stöðugri notkun allan ársins hring*

Inni - Heimilislegt og heilsusamlegt umhverfi

Heimilislegt og heilsusamlegt umhverfi á að vera ráðandi í allri mótun og afmörkun svæða. Hugtakið „heima“ skiptir börn og fullorðna máli því það felur í sér að allir tilheyri og finni fyrir öryggi og vellíðan. Börn eiga að hafa tækifæri til að setja sinn svip sinn á umhverfið með sköpun og gera það að sínu.

Hreyfing og íþróttir eiga ekki lengur einungis heima í íþróttahúsinu heldur um alla bygginguna. Börnin eiga að fá fjölbreytta aðstöðu til hreyfingar og margvíslegrar líkamsbeitingar.

Í matartíma er boðið upp á hollan, fjölbreytan og næringarríkan mat. Málsverðir eru mismunandi eftir aldri barnanna, en geta m.a. verið hafragrautur að morgni, heit máltíð í hádegi, síðdegishressing og ávaxtastund. Aðstaða til að matast þarf að vera aðlaðandi og notaleg og skapa góða matarmenningu, því það að framreiða, borða saman og ganga frá er hluti af menntun. Huga þarf að rýmisumgjörð og hljóðvist málsverða í samræmi við aldur og þroska barna. Í matstofu eiga börnin að geta sótt sér mat, snætt og gengið frá að máltíð lokinni. Boðið eru upp á fjölbreytni í húsbúnaði og börnin geta valið sér sæti eftir dagsforminu.

Það gerum við með því að

- *búa börnum öruggt umhverfi innan- og utandyra sem veitir þeim jafnframt áskorun og fjölbreytta hreyfingu, t.d. hlaupabrautir, rimla, kaðla og klifurveggi á göngum og í fjölnota svæðum*
- *bjóða upp á tækifæri til hreyfingar og virkni jafnt innan- sem utandyra með hreyfistöðvum sem hvetja til leikja, í frjálsum tíma og stuttum hléum*
- *hafa hreyfisali í ýmsum stærðum, þar sem má stunda boltaíþróttir, jóga, dans, glímu eða aðra hreyfingu*
- *afmarka ákveðin svæði fyrir ákveðna barnahópa sem eru þeirra, s.s. fatahólf og hvíldarsvæði*
- *skipuleggja matstofur með breytilegum búnaði, háum og lágum borðum, næðisaðstöðu, heimilislegum matarkrókum eða „kaffihúsi“ sem hæfir ólíkum aldri*

Úti – Þar sem lífið er

Útisvæði, lóðir og nærumhverfi er aflvaki í öllu samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs við samfélagið. Mannvirkið og útisvæðið eru sameign borgarbúa og nýtast nærsamfélaginu allan ársins hring. Ríkulegt og spennandi leiksvæði eykur og bætir útiveru barna í frjálsum leik og fjölbreyttri hreyfingu, líka eftir að hefðbundnum skóla- og frístundadegi lýkur. Skapa þarf góð skilyrði á lóð fyrir útiveru, útinám og hreyfingu en einnig uppbyggilega samveru og samskipti sem efla félagsfærni. Hanna ber útisvæði þannig að þau skapi góð tengsl við náttúruna og efli náttúru- og fegurðarskynjun.

Mikilvægt er að huga að veðurfari á hverjum stað. Skapa þarf sólrík og skjólsæl útisvæði til að styðja við leik og samskipti og vanda til verka þannig að form og útfærsla mannvirkja dragi úr vind- og úrkomuálagi. Sérstaklega skal hafa í huga skjólmyndun á helstu aðkomuleiðum og við innganga að byggingunni.

Útinám er eðlilegur hluti starfsins allan daginn og allt árið um kring. Umhverfið á að vera hluti af námsumhverfinu og eiga sess í náminu.

Leiksvæði allra yngstu barnanna (1–3 ára) þarf að vera afmarkað, öruggt og á sama tíma krefjandi fyrir þennan aldur og bjóða upp á skynhrif og uppgötvanir í útivistinni. Börn hafa gaman að fara inn í,

ofan í og undir hluti. Enda þótt leiksvæði séu örugg er mikilvægt að ekki sé gúmmíkúlugólf yfir öllu, heldur að börnin komist í snertingu við náttúruleg efni, ekki aðeins mold, sand og grjót heldur einnig runna, lyng og mosa. Útisvæði yngstu barnanna þurfa að vera í mikilli nálægð við innisvæði þessa hóps.

Leiksvæði eldri leikskólabarna og yngsta stigs grunnskóla og frístundaheimilis þarf að vera spennandi og bjóða upp á upplifun og ævintýri. Þau geta verið í örlítið meiri fjarlægð frá skóla- og frístundahúsnæðinu.

Leiksvæði eldri barna og unglinga þurfa að mæta þörfum þeirra fyrir hreyfingu og slökun og skapa námstækifæri í útikennslu. Útisvæði unglinga þarf að vera sérlega hvetjandi til útiveru s.s. með góðri aðstöðu fyrir knattspyrnu og körfuknattleik og aðra íþróttaiðkun.

Það gerum við með því að:

- *bjóða upp á slitsterkt efni og setja gúmmímottur á álagssvæði þar sem það er nauðsynlegt*
- *hafa afmarkaða íþróttavelli og parísa, s.s. knattspyrnuvelli með gervigrasi og körfuboltavelli þannig að í stað hins ríkjandi, miðjusetta fótboltavallar á að skipta útisvæðinu upp í mörg ólík svæði, með áherslu á hlutlaust lita- og leikfangaval þannig að börn geti kosið hvar og hvernig þau leika sér, laus undan þrýstingi um að laga sig að staðalmyndum í umhverfi sínu*
- *afmarka hluta lóðar fyrir útikennslustofu*
- *hafa svæði sem mest með náttúrlegu yfirbragði og láta hið náttúrulega og manngerða renna vel saman*
- *hafa skúra, byrgi, skemmur eða kistur á útisvæðum til að geyma búnað*
- *setja upp endingargóð leiktæki sem örva hreyfigetu*
- *bjóða upp á áskoranir, tækifæri til að hlaupa, klifra, skríða í gegnum göng, moka, drullumalla, fela sig fyrir ljónum og tígrisdýrum eða æfa sig fyrir þátttöku í skólahreysti.*
- *gera skjól úr steinhleðslum eða með náttúrulegum veggjum, trjám, gróðri eða mönum og skapa þannig notalegar aðstæður til samskipta og samtals.*
- *skapa börnum tækifæri til beinna tengsla og snertingar við gras, sand, vatn, mold, drullu, tré, lauf og fjölbreyttan gróður og þá um leið fjölbreytt smádýralíf*
- *bjóða upp á „spjallaðstöðu“ fyrir miðstig og unglingastig.*
- *hugsa útisvæðið sem vettvang náms á mörgum námssviðum*

Ábyrg hönnun

Með ábyrgri hönnun er skapaður farvegur til framtíðar. Ábyrg hönnun tekur tillit til umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta. Ábyrg hönnun tekur framtíðinni opnum örmum og veitir nýrri tækni, þekkingu, hugmyndum og fjölbreytileika farveg.

Græna planið

Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar sem dregur saman á einn stað helstu lykilverkefni og grænar fjárfestingar í borginni á komandi 10 árum. Það er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir. Lykilvíddir græna plansins eru þrjár; efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg en sjálfbærni næst ekki nema tillit sé tekið til allra þriggja þátta.

Grænn vöxtur
Í Reykjavík er kraftmikill grænn vöxtur, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsókna og athafna.

Kolefnishlutlaus borg
Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.

Engin skilin eftir
Í Reykjavík verður græna umbreytingin byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Íbúar búa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð.

Vistvæn hönnun

Við undirbúning, hönnun, byggingu og rekstur bygginga Reykjavíkurborgar er áhersla lögð á umhverfissjónarmið. Fylgja skal samþykktum borgarráðs frá 8. október 2015 um vistvæna vottun bygginga í samræmi við umhverfisvottunarkerfið BREEAM, þeim markmiðum sem sett eru fram í græna planinu og græna skuldabréfaramma Reykjavíkurborgar. Mikilvægt er að í hönnunarferlinu sé unnið markvisst að sjálfbærni, s.s. í stjórnun og skipulagi, við efnisval og með gerð lífsferilsgreininga.

Það gerum við með því að

- *láta heilsu og vellíðan notenda byggingarinnar vera leiðarljós í hönnunarferlinu*
- *vistspor byggingarinnar sé lágmarkað með vandaðri hönnun*
- *vinna lífsferilsgreiningar*
- *efnisval og hönnun tryggi sem minnst umhverfisspor og að rekstrarkostnaður byggingarinnar sé í lágmarki*
- *í undirbúnings- og hönnunarferli sé tekið tillit til líftímakostnaðar en ekki einungis stofnkostnaðar*
- *vinna með blágrænar ofanvatnslausnir og gegndræpi yfirborðs eins og kostur er*

Upplýsingalíkan mannvirkja - BIM

Mikilvægt er að fagleg vinnubrögð séu viðhöfð við undirbúning, hönnun, framkvæmd og rekstur mannvirkis. Í stafrænni umbreytingu er nauðsynlegt að horfa til þess hvernig nýta megi tæknilausnir við hönnun og til að stjórna upplýsingum í hönnunar- og framkvæmdaferli. Þá skal horfa til hvernig

má auka gæði og gagnsæi, bæta áhættustýringu og fá betri skilning og yfirsýn frá frumáætlunum og út líftíma mannvirkja.

Það gerum við með því að

- *vinna upplýsingalíkan mannvirkja (BIM - building information model)*
- *borgin eigi upplýsingalíkan að lokinni framkvæmd og geti nýtt það við rekstur mannvirkis*
- *að upplýsingakerfi séu unnin í samræmi við byggingarflokkunarkerfi borgarinnar*
- *að líkön séu hæf til magntöku, kostnaðaráætlana og lífsferilsgreininga.*

Byggingararfurinn okkar og sagan

Mikil verðmæti eru fólgin í mannvirkjum, byggingararfi og byggðamynstri. Byggingararfleiðin og menningararfurinn tengja okkur við og söguna og ræturnar. Arfleiðin hefur mótað og skapað okkur og er hluti af sjálfsmyndinni. Í borginni setja skóla- og frístundamannvirki svip sinn á hverfin. Þau eru tilvísun í þann tíma sem þau voru byggð á og þá framtíð sem þá áttu að rúma. Þau og segja og sýna söguna, bæði áherslur í sýn til menntunar og arkitektúrs. Það er mikilvægt að hlúa að þeim mannvirkjum sem við eigum, byggja við þau af virðingu fyrir byggingarlistinni og sögulegu samhengi og muna að áfram er verið að skapa varanleg verðmæti og umhverfi komandi kynslóða.

Það gerum við með því að

- *tryggja verndun og viðhald hins manngerða umhverfis í samræmi við sögulegt og byggingarlistalegt gildi þess*
- *stuðla að lifandi notkun og þróun mannvirkja með virðingu fyrir uppruna þeirra*
- *að tryggja mikilvæg sérkenni bæði byggingum og því umhverfi sem hún tengist og er hluti af*

Menntun án aðgreiningar – allir með

Náms- og leikumhverfi, jafnt innan sem utan dyra, á að skipuleggja þannig að það styðji við þátttöku allra barna og starfsmanna. Við stækkun og breytingu á húsnæði á ætíð að huga að aðgengi fyrir alla, farsælli menntun án aðgreiningar, auknu jafnrétti, virkara lýðræði, menningarlegum fjölbreytileika og aukinni virkni allra barna í námi, starfi og leik.

Algild hönnun er höfð að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku, hönnun og útfærslur til að koma til móts við margbreytileika fólks sem hefur mismunandi eiginleika, hæfni og takmarkanir. Byggja þannig á gildum um jafnræði og jafna möguleika til þátttöku í öllu starfi sem boðið er uppá í byggingunum og umhverfi þess. Þannig skal gera umhverfið aðgengilegra, stuðla jafnari tækifærum og auka lífsgæði. Þetta þarf bæði að hugsa um í efnislegu umhverfi, en einnig í samgöngutækifærum, upplýsingagjöf, búnaði og kerfum.

Góðar tengingar milli svæða innan og utan útisvæðis hafa mikið að segja um jafnt aðgengi, og er brýnt að huga að hugsanlegum hindrunum. Tilfinningalegt ástand og sjálfstæði barna með líkamlega fötlun og skynhömlun ræðst m.a. af aðgengi þeirra í húsnæðinu og útisvæði.

Huga þarf sérstaklega að hönnun sértækra rýma fyrir börn með langvarandi stuðningsþarfir. Slæm hljóðvist eins og bergmál, kliður, sem og slæm lýsing geta valdið viðkvæmum einstaklingum raunverulegum sársauka. Rými þurfa því almennt að hafa viðeigandi hljóðvist og lýsing má ekki vera of skær eða flöktandi í sértækum rýmum. Þá verður að vera kostur að bjóða börnum og unglingum upp á afmörkuð rými þar sem hægt er að t.d. spila, lesa og spjalla saman án stöðugs áreitis, s.s. umgangs eða hávaða.

Það gerum við með því að

- *taka tillit til aðgengis fyrir alla í allri hönnun jafnt innan sem utandyra*
- *tryggja að hljóðvist sé viðeigandi og hæfi þeirri starfsemi sem fer fram í hverju og einu rými*
- *sjá til þess að lýsing sé viðeigandi í hverju og einu rými*
- *Huga að því að byggingarefni gefi ekki frá sér ertandi lykt*
- *tryggja að lykt tengd starfsemi eins og mötuneyti og list- og verkgreinum berist ekki um bygginguna.*
- *hafa jafnréttis-, lýðræðis- og margbreytileikasjónarmið að leiðarljósi við alla hönnun*

Vistvænar samgöngur

Byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skulu taka mið af samgöngustefnu Reykjavíkurborgar og bjóða upp á vistvænar samgöngur. Í stefnunni er gert ráð fyrir að færri komi á bíl og fleiri komi gangandi, hjólandi eða nýti almenningssamgöngur. Umferð bíla við byggingarnar þarf því að halda í algjöru lágmarki en þeim mun meira lagt upp úr góðum stígatengingum við stofn- og tengileiðir umhverfis svæðið. Huga skal vel að innviðum og styðja markvisst við virka og vistvæna samgöngumáta.
Huga þarf vel að útfærslum og umhverfi á hjólastígum í tengslum við það svæði sem verið er að fara um, t.d. að hraðleiðir séu ekki í gegnum útisvæðið.

Það gerum við með því að

- *hafa hjólastæði og aðstöðu til að geyma hjól barna og foreldra gjarnan í námunda við innganga*
- *hafa yfirbyggða hjólageymslu eða aðra góða, læsta aðstöðu til að geyma hjól, hjálma, rafhlaupahjól og aðra fararskjóta.*
- *hafa góða vagnageymslu við leikskóla fyrir foreldra sem ganga með börn sín í leikskólann*
- *huga vel að öryggi gönguleiða barna til og frá skóla og í frístundastarf, sem og aðgengi að almenningssamgöngum*
- *bjóða upp á búningsaðstöðu og sturtur fyrir starfsfólk*

Öryggismál

Húsnæði, lóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði að börnum, starfsfólki og gestum sé búið öruggt og heilsusamlegt umhverfi og aðbúnaður sem skapar öryggi og vellíðan. Í því tilliti þarf að hafa í huga m.a. aðkomu, aðgengi, aðgangsstýringu, aðgangsvöktun, öryggisleiðbeiningar, rýmingarleiðir, fallvarnir, eldvarnir, undirlag, gólfefni, loftræsingu, lýsingu, hitastig, hljóðvist og varnir gegn hávaða.

Heilbrigt húsnæði

Byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skulu stuðla að heilbrigðu umhverfi til þess að vernda heilsu, bæta frammistöðu, tryggja viðveru og auka hæfni til úrlausna hjá nemendum og starfsfólki. Heilbrigð innivist byggir meðal annars á eftirfarandi þáttum: loftgæðum, hljóðvist, lýsingu, rýmisnotkun, öryggi, aðgengi og umgjörð. Við hönnun, endurbætur og rekstur bygginga þarf að taka tillit til þessara þátta og fylgja leiðarvísum sem byggja á rannsóknum sem sýna fram á betri heilsu, vellíðan og frammistöðu notenda.

Umhverfi skólabygginga þarf að styðja við en ekki hindra tækifæri til þess að þroskast og dafna þar sem börn dvelja mestum hluta í skóla- og frístundabyggingum utan við heimili sitt. Tíðni sýkinga, sjúkdóma og kvilla má lækka með heilbrigðu umhverfi í byggingum og þar með minnka fjarveru frá skóla.

Heilbrigt umhverfi samanstendur af tengingu bygginga og náttúru og aðgengi þeirra sem nota byggingar að umhverfi sem gefur tækifæri til hreyfingar, snertingar við náttúru, tækifæri til að eiga samskipti og að njóta hollrar fæðu.

Inniloft hverrar byggingar sem er háð hönnun og rekstri er stór umhverfis- og áhrifaþáttur heilsu. Loftgæði ráðast af tíðni loftskipta, rakaástandi byggingar, efnisnotkun og hegðun notenda.

Börn eru einkar næm fyrir umhverfisáhrifum efna og því er mikilvægt að huga að efnisvali í þeirra umhverfi, hvort sem er við framkvæmd, viðhald eða rekstur, til þess að tryggja vellíðan þeirra til framtíðar. Mörg efni sem eru til staðar í hreinsiefnum og byggingarvörum geta haft raskandi áhrif á heilsu. Vistvænar vörur eru ekki heilnæmar í öllum tilfellum og því ætti ávallt að hafa það í huga við efnisval.

Til þess að stuðla að góðri upplifun nemenda og vellíðan í byggingum þarf einnig að huga að umgjörð, rýmisnotkun og fagurfræði. Þá þarf að halda byggingum vel við og tryggja að á rekstrartíma bygginga séu þær í samræmi við þann ásetning og kröfur sem lagt var upp með.

Þetta gerum við með því að:

<u>Hönnun:</u>

- *tryggja rakaöryggi; byggja þurrt, fylgja Rb blaði um rakaöryggi, velja hentug byggingarefni miðað við aðstæður og rakaálag, lágmarka viðhald, tryggja líftíma byggingarefna með því að velja gæði.*
- *huga að loftskiptum; loftræsing sé til staðar, loftskipti séu nægjanleg og uppfylli að minnsta kosti kröfur byggingarreglugerðar um skólahúsnæði, aðgengi og möguleiki til umsjónar loftræsibúnaðar, opnanleg fög séu aðgengileg og staðsett með tilliti til notkunar,*
- *velja efni sem eru með lága útgufun af rokgjörnum efnum sem spilla síður loftgæðum (þetta á við um innréttingar, húsbúnað, málningu, gólfefni og annað sem er veggfast)*
- *skrá notkun byggingarefna til að auðvelda endurbætur eða breytingar síðar*
- *taka tillit til þrifa í hönnun, svo að auðveldara verði að fylgja eftir góðum þrifum og rykhreinsun*
- *tryggja góða hljóðvist, þarf að uppfylla kröfur um skólahúsnæði og taka tillit til aðstæðna hverju sinni*
- *passa lýsingu, Þarf að uppfylla kröfur um skólahúsnæði og taka tillit til mismunandi þarfa eftir rýmum*
- *uppfylla allar kröfur um öryggi og aðgengismál í byggingu og umhverfi hennar*

Framkvæmdir/endurbætur:

- *tryggja gæði í framkvæmd, fylgja leiðarvísum framleiðanda um notkun og uppsetningu*
- *tímasetning framkvæmda verði þannig að þær trufli ekki loftgæði eða öryggi nemenda*
- *tryggja að við endurbætur sé hugað að betri innivist, betri loftgæðum, lýsingu og hljóðvist í samræmi við kröfur á hverjum tíma*
- *tryggja að framkvæmdir trufli ekki loftgæði, byggingarefnum sé ekki raskað þar sem notendur eru nálægt, tryggja að afmörkun viðgerðarrýma sé til staðar sérstaklega þegar er verið að laga rakaskemmdir*
- *fylgja leiðarvísum við hreinsun á raka- og myglusvæðum og fá fagaðila til verksins með réttan búnað og þekkingu*
- *fyrir framkvæmd þarf að ganga úr skugga um hvaða efni fari í niðurrif, sérstaklega kanna tilvist asbest*
- *velja byggingarefni með lága útgufun*
- *velja byggingarefni sem henta betur hverjum stað m.t.t. rakaálags, ágangs og notkunar*
- *taka sérstakt tillit til loftræsingar þar sem breytingar eru á notkun rýma eða skipulagi*

Rekstur:

- *fræða starfsfólk um mikilvægi loftgæða og hvernig sé hægt að stuðla að þeim í daglegu starfi*
- *tryggja þjónustu á loftræsikerfum samkvæmt handbók (s.s. tryggja hreinsun og að skipt sé um síur*
- *tryggja að loftflæði henta starfseminni hverju sinni*
- *tryggja aðgengi að opnanlegum fögum, opna glugga reglulega og a.m.k. á milli kennslustunda*
- *velja vistvæn og heilnæm efni án ilmefna við ræstingar*
- *huga að efnum sem eru notuð í skóla- og frístundastarfi t.d. í handmennt, myndmennt og smíðum og geta haft áhrif á loftgæði*

HEILNÆMT HÚSNÆÐI
LOFTGÆÐI
EFNISVAL
HLJÓÐVIST
LÝSING OG BIRTA
RAKI
HITASTIG
HREINLÆTI
ÖRYGGI
TENGSL VIÐ NÁTTÚRU
AÐGENGI
LOFTSKIPTI

Reykjavíkurborg

Reykjavík, 2. mars 2022
SFS22020312

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

Varðandi stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Drög að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf var þann 17. nóvember 2021 send til umsagnar eftirtalinna aðila: skólaráða og foreldrafélaga grunnskóla, foreldraráða og foreldrafélaga leikskóla, stjórnenda í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi Reykjavíkurborgar, Samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, Samtaka foreldra leikskólabarna í Reykjavík, mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, aðgengisnefndar og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Samtals bárust 23 umsagnir. Ýmsar ábendingar komu um hvað mætti betur fara og var eftir megni reynt að koma til móts við allar ábendingar. Þær viðamestu komu frá foreldrafélögum grunnskóla í Breiðholti, Þroskahjálp og mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar og vörðuðu þær allar aðgengi fyrir alla, þ.e. algilda hönnun og viðeigandi aðlögun og var hnykkt á þeim mikilvæga þætti hönnunar á viðeigandi stöðum í stefnunni.

Sumar ábendingar var álitið að ættu meira erindi í *Viðmið fyrir nýbyggingar, viðbyggingar og breytingar á húsnæði fyrir leikskóla, frístundaheimili, grunnskóla, skólahljómsveitir og félagsmiðstöðvar* sem nú eru í vinnslu og var því ekki bætt við texta stefnunnar.

Allar umsagnir eru í fylgiskjöldum. Textadrögin með auðkenndum viðbættum/leiðréttum texta er í fylgiskjölum.

Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Bréf: Umsögn
Málsnúmer: SFS2021110030
Málalyklar: 2.6.1 Húsnæðis- og byggingamál
Eigandi skjals: Hera Elfarsdóttir
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 13.12.2021
Dagsetning skjals: 13.12.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:
,
Netfang: Elisabet.Petursdottir1@reykjavik.is

Skjalalykill	2.6.1 Húsnæðis- og byggingamál	Málsnúmer	SFS2021110030
Móttökudags.	13.12.2021	Skráð í GoPro	13.12.2021

Viðtakandi		**Sendandi**	
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	
Tegund skjals	Umsögn	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			
Eldri skjalalykill			
Þarf að svara :	◉ Já ○ Nei	Er flokkað eftir eldri skjalalykli í skjalasafni.	○ Já ◉ Nei

Sent: Sent til:

Notandi: Elisabet.Petursdottir1@reykjavik.is
Dagsetning: 13.12.2021 11:00:39
Til: "SFS" <sfs@reykjavik.is>
Efni: Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf
---

Bestu kveðjur/ Best regards,

Elísabet Pétursdóttir
Verkefnastjóri/Project manager
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar/City of Reykjavík Human Rights and Democracy Office.
Ráðhús Reykjavíkur/City Hall
101 Reykjavík, Iceland

Sími: 411 4156 Tel: +354 4114156

elisabet.petursdottir1@reykjavik.is
www.rvk.is

[IMAGE]

Reykjavík, 13. desember 2021
R21100283

600

Skóla- og frístundasvið
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Efni:
Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 9. desember 2021, var samþykkt meðfylgjandi umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, um stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf, sbr. 5. lið fundargerðar s.d.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Það sem fulltrúi Flokks fólksins vill leggja áherslu á er að hönnun nýrra leikskóla byggi á hugmyndafræði um bæði algilda hönnun og hönnun sem hverfist um arkitektúrinn og rýmisgildi þannig að rými tengjast og tryggja sveigjanleika og fjölbreytni í notkun og rekstri. Skoða má hvort hægt er að breyta eldri leikskólum með ofangreinda hugmyndafræði að leiðarljósi sem myndi stuðla að samnýtingu og samkennslu í auknum mæli. Til eru leikskólar sem hafa verið hannaðir með þessa þætti í huga og má nefna Múlaborg. Taka má hönnun Múlaborgar til fyrirmyndar og gera fleiri í sömu mynd. Að vinna við krefjandi störf í illa hönnuðu húsi er mannskemmandi að svo mörgu leyti. Heilsu fólks er ekki aðeins ógnað heldur einnig góðum starfsmannaanda. Ástandið er sérlega slæmt þar sem er mikil mannekla, þá reynir á samskiptin. Þar sem vel hefur tekist til með hönnun er að öll starfsmannaklósett eru inni í kennslustofum nemenda, fatahengi barna eru inni í kennslustofu barna, hver kennslustofa hefur sér útihurð til að komast að leikvellinum og sameign er hönnuð þannig að starfsmenn hafi ávallt yfirsýn yfir börnin.

Með kveðju

Elísabet Pétursdóttir

Hjálagt:
Umsögn

- ATT00001.gif
- Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um stefnu rvk í byggingum - R21100283.pdf

Reykjavík, 9. desember 2021

R21100283

Umsögn mannréttinda,- nýsköpunar og lýðræðisráðs um Stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Almennt

Mannréttinda,- nýsköpunar og lýðræðisráð fagnar stefnu um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf og telur hana vera mjög yfirgripsmikla. Að hugmyndafræði algildrar hönnunar verði höfð að leiðarljósi í hvívetna. Það er mikilvægt að marka sér stefnu og kynna hana vel og þannig tryggja að hið manngerða umhverfi þjónar þörfum, leiðir til sköpunar, tryggir öryggistilfinningu og þátttöku allra einstaklinga í fjölbreyttu skóla- og frístundastarfi. Það er margt í stefnunni sem ýtir undir slíkt, en þó telur mannréttinda,- nýsköpunar og lýðræðisráð að betur megi ef duga skal.

Mannréttinda,- nýsköpunar og lýðræðisráð vonar að neðangreindar athugasemdir hafi áhrif á stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf. Ráðið leggur áherslu á að í kjölfarið fari fram öflug kynningu á stefnunni og kröfum sem eru gerðar til þess að tryggja að í borgarkerfinu öllu séu aðilar sem vinna að byggingum upplýstir um hana og hvernig byggingar eigi að vera fyrir öll börn.

Ábendingar

Mannréttindi og byggingar

Í stefnunni er ekki fjallað nánar um mannréttindi, fjölbreytileika né merkingu margbreytileika. Aldur er til umræðu, kyn er nefnt stöku sinnum og fjallað er um aðgengi fyrir öll (sjá fyrir neðan). Ekki er rætt um uppruna, holdafar eða kynvitund og virðist fjölmenning nefnd í framhjáhlaupi. Hér er tilefni til að staldra við og t.d. ígrunda hvort það að hátt í 20% íbúa borgarinnar séu með erlendan bakgrunn hafi einhver áhrif á stefnu um byggingar í skóla- og frístundastarfi og þá hvaða.

Kynjasjónarmið

Margbreytileiki, mannréttindi og kyn eru nefnd í stefnunni en það er ekki fjallað mikið um þessa þætti í stefnunni að öðru leyti. Á einum stað er hugað að áhrifum staðalmynda í tengslum við útisvæði og íþróttaleik, en það er ekki sagt að um sé að ræða kynjaðar staðalmyndir. Að öðru leyti er ekkert fjallað sérstaklega um kyn í stefnunni. Vert væri að skoða sérstaklega rannsóknir og þekkingu um skipulag og hönnun með kynjagleraugum og tvinna það saman við stefnuna.

Aðgengi fyrir öll

Í kaflanum *Menntun án aðgreiningar – allir með* (hér mætti standa öll) er fjallað um aðgengi nemenda með fötlun sem er jákvætt. Það mætti leggja sambærilega áherslu á að tryggja að þessi

sjónarmið séu höfð að leiðarljósi fyrir starfsfólk og þeirra sérrými, enda geti það einnig verið fatlað. Hér er þó aftur spurning hvað liggur að baki og e.t.v. tækifæri til að vísa í leiðbeiningar eða gátlista til að tryggja að það sé skýrt til hvers er ætlast og að unnið verði eftir því.

Trans og intersex börn

Neðar í kaflanum um menntun án aðgreiningar er talið upp að *hafa jafnréttis-, lýðræðis- og margbreytileikasjónarmið að leiðarljósi við alla hönnun.* Eru þetta lokaorð kaflans og ekki útskýrt nánar hvað það felur í sér. Það er ekki minnst á ókyngreinda aðstöðu, kynvitund og trans börn eða kyneinkenni og intersex börn. Ekki er rætt um þarfir nemenda þegar kemur að salernum eða búningsklefum (hvort og hvernig þeir vilji nota slíkt). Það er vitað að nemendur veigra sér við að nota ákveðna aðstöðu, sumir nemendur upplifa sig óvelkomna og jafnvel óörygga í lokuðum og kyngreindum rýmum, fyrir aðra á slík aðstaða einfaldlega ekki við um þá. Samhliða því að skapa fjölbreytt og aðgengileg rými þarf einnig að skapa örugg rými og hafa ólíka stöðu nemenda í huga. Mannréttinda,- nýsköpunar og lýðræðisráð bendir á nýlega skýrslu og tillögur um ókyngreinda aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar. Það er mikilvægt að tryggja að stefna borgarinnar varðandi byggingar á öllum sviðum þjónar bæði trans og intersex börnum, sem og öðrum, en stefnan minnist ekki á þennan hóp barna né þeirra sérstöðu þegar kemur að hönnun rýmis.

Hvað liggur að baki?

Stefnan er að mörgu leyti yfirborðskennd, hún nær yfir margt en fer ekki út í mikil smáatriði. Það væri áhugavert að sjá viðmiðin sem er vísað til og eiga að veita „nánari leiðsögn til hönnuða um kröfur sem settar eru fram um einstök rými, tengsl, stærð, efnisval, búnað ofl.“ Eru um að ræða gátlista, aðrar stefnur, leiðbeiningar eða annað? Hvernig tengjast þessar kröfur þáttum mannréttindastefnunnar?

Það er jákvætt að það eigi að fara fram forsögn í tengslum við hvert verkefni til að tryggja breiða aðkomu, fjölbreytta sýn og þarfagreiningu hverju sinni. Það væri þó áhugavert að skýra hana betur og skilgreina væntanlega notendur bygginga og rýmis sem hagsmunaaðila í þeirri vinnu.

RE: Vegna bygginga fyrir skóla- og frístundastarf - Ósk um umsögn

Bréf: Bréf
Málsnúmer: SFS2021110030
Málalyklar: 2.6.1 Húsnæðis- og byggingamál
Eigandi skjals: Anna Garðarsdóttir
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 17.11.2021
Dagsetning skjals: 17.11.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Hildur Jóhannesdóttir" <Hildur.Johannesdottir@rvkskolar.is>

Skjalalykill Móttökudags.	Málsnúmer Skráð í GoPro

Tegund skjals	Bréf	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			
Eldri skjalalykill			
Þarf að svara :	○ Já ○ Nei	Er flokkað eftir eldri skjalalykli í skjalasafni.	○ Já ○ Nei

Sent: Sent til:

Notandi: "Hildur Jóhannesdóttir" <Hildur.Johannesdottir@rvkskolar.is>
Dagsetning: 17.11.2021 14:22:36
Til: "Anna Garðarsdóttir" <anna.gardarsdottir@reykjavik.is>
Afrit til: "Helgi Grímsson" <Helgi.Grimsson@reykjavik.is>
Efni: RE: Vegna bygginga fyrir skóla- og frístundastarf - Ósk um umsögn
---

Sæl, búin að lesa þetta og mér finnst þetta mjög vel gert.

Það er margt sem borgin getur lært af byggingu Dalskóla – útboðsferlum, vali byggingaraðila, eftirlitsþættinu.

ÉG reikna með að þið séuð með slíka rýnihópa til þess að læra af, enda ekki um neitt smá verkefni hér að ræða..

kærar kveðjur

Hildur Jóhannesdóttir (hún/she)

Skólastjóri Dalskóla

Úlfarsbraut 118-124, 113 Reykjavík

s: 411-7860

Umsögn stjórnenda leikskólans Fífuborgar vegna bygginga fyrir skóla- og frístundastarf

Drögin eru metnaðarfull og margar flottar leiðir settar fram til að tryggja að byggingar til skólahalds veiti fullnægjandi umgjörð um skólastarf og vellíðan barna og starfsfólks, s.s. mismunandi stærð af rými, umhverfi sem hvetur til uppgötvunar, þekkingarleitar, samstarfs og samvinnunáms, viðeigandi aðstöðu til lista og verknáms o.s.frv. Drögin eru þó nokkuð opin og hægt að túlka þau á marga vegu. Það væri gott að fá nánari útskýringu á því hvað sumt felur í sér, s.s. mismunandi rými fyrir minni og stærri hópa að vera saman í námi, starfi, samveru og leik. Það þarf að skilgreina rýmin betur, t.d. hversu stórt rými þarf í leikskólanum fyrir hvert barn og hvern starfsmann.

Varðandi rými fyrir starfsmenn þá þyrfti einnig að skilgreina þau betur. Fram kemur í drögunum að tryggja þurfi rými fyrir samstarf starfsmann í leikskólanum og staðsetja rými starfsfólks innan byggingar þannig að tími þeirra nýtist vel. Einnig að starfsmenn hafi aðstöðu til hvíldar og einbeitingar. Þessi texti er mjög opinn og þarfnast nánari útskýringar. Hvað með aðstöðu til undirbúnings, t.d. að þar sé nægt rými? Undirbúningur hefur aukist síðustu ár og þarf aðstaða starfsfólks að vera í samræmi við það. Hvað með að fundarherbergi sé ekki inni í undirbúningsherberginu o.s.fr. Hvað með að starfsfólk hafi aðgang að salernisaðstöðu og nægt rými á kaffistofu?

Fram kemur í dögunum að inngangur þurfi að þjóna tilgangi sínum. Hvað táknar það að inngangur og anddyri þjóni tilgangi sínum? Þetta er mjög opin setning. Það þarf að hafa ýmiss praktísk atriði í huga varðandi þetta svæði í leikskólanum eins og t.d. að hafa anddyri með millihurð svo kuldinn komist síður inn.

Það sem vekur helst áhuga okkar er vilji til að hafa samráð við aðila skólasamfélagsins og okkur finnst mikilvægt að það komi fram að þessir aðilar skólasamfélagsins séu kennarar og skólastjórnendur sem hafa reynslu af því að starfa í mismunandi húsnæði og vita nákvæmlega hver þörfin er.

Það vekur einnig áhuga okkar að finna í drögunum hversu birta og hljóðvist er mikilvæg fyrir líðan barna og starfsfólks og það að nýta dagsbirtuna til fulls og hleypa birtu á milli rýma. Reynsla okkar er að þessu hefur oft verið ábótavant. Einnig það að skapa sólrík og skjólsæl útisvæði en það hefur ekki alltaf verið hugsað fyrir því. Þar að auki að marka eigi leiksvæði fyrir 1-3 ára og hanna það með skynáhrif og uppgötvunarnám í huga. Þeir leikskólar sem skilgreindir hafa verið sem ungbarnaleikskólar hafa fengið slík svæði afmörkuð en ekki aðrir svo við vitum til.

Við fögnum því að yfirbyggð hjólageymsla verði sett upp við alla leikskóla en starfsfólk vill gjarnan fá að kjósa hvort það kemur til vinnu keyrandi, hjólandi eða gangandi/hlaupandi og er því mikilvægt að útvega því góða aðstöðu fyrir hjólin sín. Það sama gildir um börnin sem koma oft á hjólum yfir sumartímann.

Sem fyrr segir þá er mikilvægt að skilgreina betur þá þætti sem við höfum listað hér upp að framan. Einnig er mikilvægt að skoða vel þá leikskóla sem eru að gangast undir endurnýjun í samræmi við þessa stefnu og þá sérstaklega þegar kemur að rými á hvert barn og stafsfólk. Við fögnum því að Reykjavíkurborg setji sér stefnu þegar kemur að byggingum fyrir skóla- og frístundarstarf og að samráð við notendur verði haft að leiðarljósi í þeirri vinnu.

Með kveðju,

Stjórnendur leikskólans Fífuborgar

09.12.2021 Reykjavík

Helgi Grímsson
Skóla- og frístundarsvið
Reykjavík

Umsögn um drög að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf.

Foreldraráð Nóaborg hefur tekið fyrir drög að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Í kafla um vistvænar samgöngur er sett fram markmið sem taka mið af samgöngustefnu Reykjavíkurborgar og miða að því að þeim fjölgi sem kjósa að koma gangandi, hjólandi eða nýta sér almenningssamgöngur. Til þess að styðja við það markmið er lagt upp með aukna áherslu á á góða aðstöðu við skóla- og frístunda byggingar fyrir t.d. hjól barna og foreldra. Foreldraráðið vill benda á að töluverður fjöldi foreldara barna á leikskólaaldri koma með börnin í kerrum og barnavögnum og því töluverð ástæða til að bæta aðstöðu til geymslu á vögnum og kerrum við leikskóla borgarinnar. Foreldraráðið telur því mikilvægt að áhersla um slíka aðstöðu komi fram stefnu borgarinnar, sér í lagi í kafla um vistvænar samgöngur. Við flesta leikskóla er engin aðstaða sem gerir að verkum að kerrurnar þurfa að standa úti í í öllum verðum og geta verið gegnblautar þegar halda á heim.

Í drögunum er töluvert komið inn á mikilvægi útisvæða, sem er ánægjulegt að sjá. Foreldraráðið vill nota tækifærið og leggja áherslu á að útisvæðin séu vel búin og að framkvæmdir við þau dragist ekki á langinn líkt og raunin virðist hafa verið síðustu ár. Þá telur foreldraráðið að útisvæði, framkvæmdir og viðhald, eigi að vera eitt af forgangsverkefnum þeirrar aðgerðaráætlunar sem mun fylgja þeirri stefnu sem umsögnin tekur til.

Að lokum vill foreldraráðið þakka Reykjavíkurborg fyrir metnaðarfull og fagleg stefnudrög um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf.

fh. Foreldraráðs Nóaborgar

Ágúst Elvar Bjarnason

09.12.2021 Reykjavík

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf - Sæmundarskóli - Foreldrafélag

Bréf: Umsögn
Málsnúmer: SFS2021110030
Málalyklar: 2.6.1 Húsnæðis- og byggingamál
Eigandi skjals: Hera Elfarsdóttir
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 09.12.2021
Dagsetning skjals: 09.12.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:
,
Netfang: "Helga Dröfn Jónsdóttir" <hd@slepja.com>

Skjalalykill	2.6.1 Húsnæðis- og byggingamál	Málsnúmer	SFS2021110030
Móttökudags.	09.12.2021	Skráð í GoPro	09.12.2021

Viðtakandi		**Sendandi**	
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	
Tegund skjals	Umsögn	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			
Eldri skjalalykill			
Þarf að svara :	◉ Já ○ Nei	Er flokkað eftir eldri skjalalykli í skjalasafni.	○ Já ◉ Nei

Sent: Sent til:

Notandi: "Helga Dröfn Jónsdóttir" <hd@slepja.com>
Dagsetning: 9.12.2021 00:01:57
Til: "SFS" <sfs@reykjavik.is>, "Guðjóna Eygló Friðriksdóttir" <Gudjona.Eyglo.Fridriksdottir@rvkskolar.is>
Efni: FW: Með viðhengi - Til foreldrafélaga - Vegna bygginga í skóla- og frístundastarfi - Ósk um umsögn
---

Umsögn um: ***Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf*** frá foreldrafélagi Sæmundarskóla desember 2021.

Fulltrúar í foreldrafélagi Sæmundarskóla voru sammála um að mikil og metnaðarfull markmið séu til staðar í “Stefnu Reykjavíkurborgar um byggingu fyrir skóla- og frístundastarf.” Þá er skjalið skýrt og vel upp sett.

Ýmsar spurningar vakna þó við lestur skjalsins.

- Til að mynda kemur hvergi fram hvenær reiknað sé með að stefnan verði tilbúin, hvernig eigi að framfylgja stefnunni t.d. varðandi hvar verði byrjað.
- Hvernig eigi að fara að því að innleiða málefni stefnunnar t.d. þar sem starf er nú þegar

rótgróið og skólar og frístundaheimili jafnvel þétt setnir vegna fjölda barna innan hverfisins.

- Að leikskólar yngsta stig grunnskóla og frístund séu undir sama þaki. Hefur það gefist vel?
- Markþjálfi fyrir eldri árganga í grunnskóla - Mikilvægt að fagaðilar séu í öllu starfi með börnum og að markþjálfar séu örugglega fagaðilar með markþjálfun til viðbótar við faglegt nám.
- “Í matartíma er boðið er upp á hollan, fjölbreyttan og næringarríkan mat” - er eftirlit með skólamáltíðum? Hvernig er því háttað’
- Hvernig á að viðhalda rýmum, bæði inni og útisvæðum í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi? Er tryggt að fjármögnun verði stöðug og nægileg til viðhalds rýma?
- Hvernig verður fjármögnun bygginga? Verður teymi fjölbreyttra fagaðila sem koma að hönnun og skipulagningu bygginga og rýma innan byggginganna?
- Hver kemur til með að halda utan um og fylgja eftir að fari verði eftir menntastefnumálum?
- Skóli án aðgreiningar og aðgengi án aðgreiningar við skóla. Hvernig verður eftirliti háttað varðandi aðgengi innan og utanhúss með tilliti til öryggis barna sem geta ekki farið um eins og þau sem geta farið upp og niður þrep, brekkur, í almenn leiktæki og slíkt? Hver sér um lokaúttekt á svæðum áður en þau eru tekin í gagnið? Mikilvægt að fagurfræðin fái að njóta sín en notagildið þarf að vega þyngst.
- Að bjóða upp á fjölbreytta hreyfingu í daglegu starfi? Bæði að skapa ró en líka að bjóða upp á hreyfingu í starfi en ekki í skipulögðum stundum. Hvernig á að ná að sinna því? Krefst það fleira starfsfólks? Meiri kostnaður? Er fjármagn til að mæta þeirri þörf?
- Flott markmið að skólar séu meiri samfélagsmiðstöð þar sem hverfisbúar geta sótt meiri þjónustu í þá. Þurfa skólarnir þá að vera í stærri byggingum, til að geta sinnt fjölbreyttara starfi?

Með kærri kveðju frá stjórn foreldrafélags Sæmundarskóla

Gleðilega hátíð

From: Guðjóna Eygló Friðriksdóttir <Gudjona.Eyglo.Fridriksdottir@rvkskolar.is>
Sent: Thursday, November 18, 2021 08:17
To: Helga Dröfn Jónsdóttir <hd@slepja.com>
Subject: FW: Með viðhengi - Til foreldrafélaga - Vegna bygginga í skóla- og frístundastarfi - Ósk um umsögn

From: Anna Garðarsdóttir <anna.gardarsdottir@reykjavik.is>

Reykjavík, 8. desember 2021

Umsögn foreldrafélags Breiðagerðisskóla um stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla-og frístundastarf

Stjórn foreldrafélags Breiðagerðisskóla lýsir yfir ánægju með metnaðarfull drög að stefnu borgarinnar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf. Foreldrafélagið vill þó benda á að metnaðarfullri stefnu þurfi að fylgja nægjanlegt fjármagn.

Upplifun foreldra í skólanum hefur verið sú að viðhaldi skólans hafi ekki verið sinnt nægjanlega vel og hefur fréttaflutningur af mýmörgum eldri skólabyggingum í Reykjavík staðfest það. Nærtækasta dæmið er skóli í hverfinu okkar, Fossvogsskóli. Nýlegar ástandsskýrslur Mannvits á húsnæði Breiðagerðisskóla sýna að mikilla úrbóta er þörf, m.a. vegna raka, lélegs viðhalds og jafnframt eru ábendingar um að öryggismálum sé ábótavant. Foreldrafélagið hefur af því þungar áhyggjur að ástand skólabyggingarinnar geti verið á sömu leið og Fossvogsskóli með tilheyrandi raski sem það hefur valdið í skólastarfi þess skóla.

Þau verðmæti sem við eigum í menntabyggingum okkar er nauðsynlegt að varðveita og hvetur foreldrafélagið til þess að hætt verði við bráðabirgðalausnir og frestanir á brýnum viðhaldsverkefnum.

Foreldrafélagið tekur undir að þegar ráðist er í nýbyggingar, viðbyggingar og endurbætur á aðstöðu í skóla-og frístundastarfi skapast gott tækifæri til að endurskoða starfshætti og hvetur til þess að við þá vinnu sé lagt upp með að viðhaldi sé sinnt með reglubundnum hætti, bæði hvað varðar úttektir og veitingu fjármagns í málaflokkinn.

f.h. stjórnar foreldrafélags Breiðagerðisskóla

Guðrún Elísabet Ómarsdóttir

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar í skóla- og frístundastarfi

Umsögn Foreldrafélags Laugarnesskóla

7. desember 2021

Foreldrafélag Laugarnesskóla hefur rýnt drög að stefnu um byggingar í skóla- og frístundastarfi. Foreldrafélagið kýs að skoða stefnuna í samhengi við þá sviðsmyndagreiningu um framtíðarskipan skóla í Laugarnes- og Langholtshverfi sem Skóla og frístundsvið vinnur nú að.

Við höfum efasemdir um að auðvelt verði að framkvæma stefnuna í grónu skólahúsnæði sem þegar er löngu sprungið vegna fjölgunar nemenda. Áfram er stefnt að hraðri uppbyggingu í skólahverfinu okkar og mun það auka mjög hratt á þann húsnæðisvanda sem börnin okkar búa við jafnt í skóla, íþróttum og frístund. Kennsla í tónmennt og list- og verkgreinum hefur liðið fyrir húsnæðisskortinn, kennslugreinum hefur verið fjölgað, kennt er í hefðbundnum kennslustofum og börn fá færri kennslustundir í hverri grein. Mötuneyti skólans er hjartað í skólanum en það er of lítið og líða nemendur fyrir slæma hljóðvist. Aðrir innviðir eins og starfsmannaaðstaða er löngu sprungin, skólahljómsveitinni var ýtt út úr húsi og lengi mætti telja hvernig aðstaða nemenda, kennara og annarra starfsmanna hefur verið útþynnt á undanförnum árum.

Samtal skólastjórnenda við borgaryfirvöld hefur staðið yfir frá árinu 2013 og endurtekið hefur stefnumarkandi vinnu verið stungið undir stól og umræða kæfð.

Laugarnesskóli er eini skóli borgarinnar sem kennir 1.-6. bekk og Laugalækjarskóli er jafnframt eini skóli borgarinnar með 7-10. bekk. Báðir skólar búa við ófullnægjandi aðstöðu í íþróttakennslu og samkvæmt ÍTR bíða úrbætur eftir að nýr þjóðarleikvangur verði reistur. Þetta er óásættanleg afstaða sem bitnar á íþróttastarfi barna og ungmenna í hverfinu. Umræða um að í Laugardal séu mikil mannvirki sem nemendur skólans geta nýtt á ekki við að okkar mati því börnunum er jafnan úthýst fyrir viðburði og keppnisleiki. Til að komast til/frá frístundinni í Dalheimum þurfa nemendur í 3-4. bekk að ferðast 1,5 km langa illa lýsta gönguleið sem er ansi köld á myrkum vetrardögum.

Í sumar var tilkynnt að unnið væri að stækkun leikskólans Hofs að grunnfleti en áður hafði ríkt sátt um að stækka leikskólann með því að byggja ofan á hann. Með stækkun leikskólans að grunnfleti verður eini græni hluti skólalóðarinnar lagður yfir nýbyggingar. Við fáum ekki séð hvernig það samræmist grænu plani.

Stefnan um byggingar í skóla- og frístundastarfi er rituð fögrum orðum og hefur ýmsa kosti sem stefnumarkandi skjal og mætti margt gott á henni byggja. Við leggjum hins vegar áherslu á að ýmsar lausnir og nýjungar sem koma þarna fram geta verið íþyngjandi fyrir skólastarf sem býr við þá skertu aðstöðu sem nemendur Laugarnesskóla hafa þurft að búa við síðustu ár. Við fögnum heildstæðum lausnum á vanda skólans okkar og tökum fagnandi þátt í samtali um framþróun hans á þeim grundvelli. Við óskum hins vegar ekki eftir sértækum lausnum og fallega hugsuðum hluta-lausnum sem erfitt er að framkvæma og henta hvorki skólagerðinni né menningu skólans.

Stjórn Foreldrafélags Laugarnesskóla

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf - Miðborg - foreldraráð

Bréf: Umsögn
Málsnúmer: SFS2021110030
Málalyklar: 2.6.1 Húsnæðis- og byggingamál
Eigandi skjals: Hera Elfarsdóttir
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 08.12.2021
Dagsetning skjals: 08.12.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:
,
Netfang: "Erna Einarsdóttir" <ernaeinars@gmail.com>

Skjalalykill	2.6.1 Húsnæðis- og byggingamál	Málsnúmer	SFS2021110030
Móttökudags.	08.12.2021	Skráð í GoPro	08.12.2021

Viðtakandi		**Sendandi**	
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	
Tegund skjals	Umsögn	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			
Eldri skjalalykill			
Þarf að svara :	◉ Já ○ Nei	Er flokkað eftir eldri skjalalykli í skjalasafni.	○ Já ◉ Nei

Sent: Sent til:

Notandi: "Erna Einarsdóttir" <ernaeinars@gmail.com>
Dagsetning: 8.12.2021 14:42:34
Til: "SFS" <sfs@reykjavik.is>
Efni: Vegna bygginga í skóla- og frístundastarfi - Ósk um umsögn
---

Góðan daginn,

Eftir að hafa lesið "Stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf" þá hef ég í raun enga umsögn aðra en að þetta lítur allt vel út og er áhugaverð stefna inn í framtíðina.

Kær kveðja,
Erna (í frá foreldraráði Miðborgar)

Umsögn foreldraráðs leikskólans Rofaborgar, um stefnu borgarinnar á um byggingar fyrir skóla og frístundastarf.

Stefan almennt góð. Skýr og góð tenging við menntastefnu, áhugaverð ahersla á aukna hreyfingu og rými til þess, utan iþrottasvæða t.d. a göngum og í stofum til að brjóta upp daginn. Mikilvægt sérstaklega varðandi útisvæðin að halda í náttúrulegt umhverfi, hafa gras og mold. Jafnframt flott að sjá að það er lagt áherslu á náttúrulegan efnivið.

Nokkrar tillögur frá foreldraráði Rofaborgs varðandi skýrsluna:

-Leggja áherslu á stóra glugga til að fá sem mest af náttúrulegri birtu inn
-Nýta hvert rými sem best fyrir mismunandi hluti - t.d. hægt að nýta innganginn (þar sem börnin klæða sig) sem vinnusvæði í sérstök verkefni eða hópvinnu.
-Hafa í huga að hafa pláss á öllum deildum fyrir lúra á daginn (í leikskólum)
-Ef möguleiki að hafa eldhúsið í annari byggingu en börnin eru í eða hafa mjög góða viftu í eldhúsinu.
-Hafa hitað útisvæði vegna hálku sem getur komið í veg fyrir að börnin geti farið út
-Tryggja að leiktæki á útisvæðum valdi ekki ógleði eða hættuleg (t.d. of mikil snúningur á tækjum eða vegasalt sem eru í hæð sem lítil börn ráða illa við). Hafa útileiksvæðið ævintýralegan þar sem ímyndunaraflið fær að ráða för þar sem náttúran fær að njóta sín sem best.

Í heildina er stefnan skýr og vel unnin. Þar kemur fram hver sýnin er og hvernig hægt er að gera sýnina að veruleika. Börnin eru höfð að leiðarljósi. Mikilvægt er að börnin okkar alist upp í umhverfi sem styrkir sjálfstraust þeirra, efli þau og hjálpi þeim að ná árangri. Það er mikilvægt að þau fái að æfa sig í félagsfærni, sjálfseflingu og sköpun svo eitthvað sé nefnt. Það er margt sem þarf að huga að þegar byggð eru húsnæði sem hýsa skólasamfélagið. Í þessari stefnu er farið yfir flesta punkta teljum við. Í lokin viljum við minnast á mikilvægi þess að viðhalda húsnæðum í góðu ástandi og vonumst við eftir því að Reykjavíkurborg geri betur í þeim efnum. Auk þess er mikilvægt að ungbörn geti hafið sína leikskólavist eftir að fæðingarorlofi foreldra lýkur eins og segir í skýrslunni. Í dag er það ekki raunin en vonumst við eftir því að sjá þær breytingar sem fyrst.

Sædís Sif Harðardóttir
Hanna Rún Smáradóttir
Dagný Gunnarsdóttir
Svanborg María Guðmundsdóttir

Umsögn um stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf.

Eftir að hafa lesið drög um stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf hef ég sett á blað nokkra punkta:

Farið er yfir þau þrjú þemu sem farið er eftir/lagt áherslu á:

Menntastefnan og mannvirkin
Er áhugaverður kafli og hlakka ég til að sjá fleiri mannvirki sem nýtast sérstaklega börnum og starfsfólki í starfi. Það er þó alltaf verið að bæta þann part, þar að segja að þessi mannvirki virki í raun og veru en eru ekki bara fín og flott á blaði.
Það er gríðarlega mikilvægt að hafa rétta fólkið með í ráðum þegar farið er í framkvæmdir/nýbyggingar því það er starfsfólkið á gólfinu sem veit best hvað virkar og hvað ekki. Það er komið inná þann punkt í kaflanum ,,Látum draumana rætast'' en aldrei er góð vísa of oft kveðin.

Bygging, umhverfi og samfélag
Þar er komið inn á það að mikilvægt sé að vanda til verka. Tel ég það einn mikilvægasta punktinn þegar kemur að byggingu og umhverfi þessa mikilvægu hópa.

Ábyrg hönnun - Græna planið
Þessi framtíðarsýn er afar jákvæð fyrir komandi kynslóðir ef hægt verður að fylgja því eftir.

Á heildina litið eru þetta flott drög og vonandi verður hægt að fylgja þessu eftir næstu árin.
Mikilvægt að fjármagn berist í þessi mál til þess að hægt verði að fylgja þessu eftir.
Það er alltaf hægt að setja á blað góðar hugmyndir og háleit markmið en erfiðara er að standa við þau og hrinda þeim í framkvæmd.

Elva Margrét Árnadóttir
Foreldraráð Reynisholts

Reykjavík, 9. nóvember 2021

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Umsögn framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva í Reykjavík

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva fagna Stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf. Í stefnunni er lögð áhersla á mismunandi þarfir barna og að þau nái að vaxa og dafna í skóla- og frístundastarfi sem fellur vel að verkefninu Betri borg fyrir börn sem verið er að innleiða í öll hverfi borgarinnar um áramótin. Ánægjulegt er að sjá að skóla- og frístundastarfi sé gert jafnt undir höfði í stefnu borgarinnar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf. Að samnýting sé rauður þráður í hönnun skóla- og frístundabygginga til framtíðar ýtir undir samstarf og aukna möguleik á fjölbreyttu frístundastarfi fyrir börnin í borginni. Mikilvægt er að hafa í huga að frístundastarf bíður upp á þjónustu allt árið um kring sem og í skólafríum grunnskólanna. Menntastefna Reykjavíkurborgar er leiðarljós þeirra sem starfa í skóla frístundastarfi borgarinnar því er jákvætt að hönnun skóla og frístundabygginga taka mið af menntastefnunni og að lagðar séu fram tillögur sem tengjast hverjum þætti menntastefnunnar fyrir sig.

Berist til Skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 9. desember 2021

Stjórn Foreldrafélags Grænuborgar og foreldraráð Grænuborgar fagna því að borgin sé að setja sér stefnu vegna bygginga fyrir skóla- og frístundastarf. Sérstaklega ber að nefna áherslu á vistvænar, skapandi og heilsusamlegar byggingar sem styrkja nærsamfélagið.

Stjórn Foreldrafélags Grænuborgar og foreldraráð fagna þeirri áherslu sem lögð er á að efla bíllausan lífsstíl og virka ferðamáta með því til dæmis að bjóða upp á sérstakar hjólageymslur, en við teljum jafnframt mikilvægt að í leikskólum Reykjavíkurborgar séu fyrir hendi sérstakar geymslur til þess að geyma kerrur, barnavagna, sparkhjól, snjóþotur, eða hvern þann búnað sem fjölskyldur nota til að koma sér í leikskólann. Búnaður tengdur börnum er dýr og oft í miklum gæðum, og því mikilvægt að slík geymsla sé læst eða inni á lóð leikskólans. Ákvæði um sérstakar hjólageymslur eru góðra gjalda verðar, en í tilfelli leikskóla þarf fjölbreyttari úrræði og aukið rými. Úrbætur á þessu sviði eru til þess fallnar að hvetja enn frekar til virkra ferðamáta.

Stjórn foreldrafélags Grænuborgar og foreldraráð eru tilbúin að rökstyðja ábendingar sínar á fundi, gerist þess þörf. Með von um góð viðbrögð,

F.h. foreldraráðs og Foreldrafélags Grænuborgar,

Inga Straumland

Inga Auðbjörg K. Straumland
Formaður foreldraráðs og Foreldrafélags Grænuborgar

Reykjavík, 7. desember 2021

Beiðni frá skóla- og frístundasviði um umsögn skólaráðs Réttarholtsskóla

Efni: Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Skólaráð Réttarholtsskóla hefur kynnt sér drög að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf.

Stefnan er góð og tekur á mörgum þáttum sem bæta skóla- og frístundastarf borgarinnar. Að hönnun nái til starfs og samnýtingu skóla, félagsmiðstöðva og samfélagsins innan hverfis er af hinu góða og eykur möguleika á miklu samstarfi milli allra aðila sem koma að nemendum. Nýting húsnæðis og útfærsla á þeirri framkvæmd mætti skerpa enn frekar með nákvæmari útlistun á hvernig og hvaða rými eru hugsuð. Innan byggingarinnar starfa á sama tíma tvær eða fleiri ólíkar einingar í samstarfi en samt sem áður nauðsynlegt að hver um sig hafi sitt afdrep.

Tenging stefnunnar við menntastefnu Reykjavíkurborgar hljómar mjög vel en skerpa mætti á leiðum með því að ávarpa með nákvæmari hætti hvernig framkvæmdin er útfærð til dæmis með því að nefna mismunandi námsrými fyrir einstaklinga og misstóra hópa. Eitt af því sem snýr að elsta skólastigi grunnskólans er umfjöllun um hjólageymslur en á unglingastigi þarf að gera ráð fyrir rafskutlum eða vespum og rafmagnshlaupahjólum sem eru algeng samgöngutæki unglinga. Einnig inniheldur stefnan mörg góð dæmi um útivistarsvæði við leikskóla og áherslan kannski heldur á yngstu skólastigin þó útiaðstaða eldri barna sé vissulega nefnd. Hvergi er minnst á fagurfræði og útlit umhverfis sem okkur þykir skipta miklu máli að sé ávarpað. Eins og listaverk sem gefur svæðinu aukið aðdráttarafl hvort tveggja innan- og utandyra.

Skólaráð Réttarholtsskóla leggur áherslu á mikilvægi þess að skipulagning framkvæmda taki mið af því að félags- og skólastarf nái að starfa óhindrað á meðan framkvæmdir fara fram. Jafnframt að áætlun um allt viðhald verði til staðar til að koma í veg fyrir röskun á skólagöngu barna og að forgangsröðun taki mið af því.

Virðingarfyllst fh. skólaráðs Réttarholtsskóla,

Margrét Sigfúsdóttir skólastjóri.

Til skólaráða - Vegna bygginga í skóla- og frístundastarfi - Rimaskóli umsögn

Bréf: Umsögn
Málsnúmer: SFS2021110030
Málalyklar: 2.6.1 Húsnæðis- og byggingamál
Eigandi skjals: Ásdís Baldursdóttir
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 10.12.2021
Dagsetning skjals: 10.12.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:
,
Netfang: "Þóranna Rósa Ólafsdóttir" <Thoranna.Rosa.Olafsdottir@rvkskolar.is>

Skjalalykill	2.6.1 Húsnæðis- og byggingamál	Málsnúmer	SFS2021110030
Móttökudags.	10.12.2021	Skráð í GoPro	10.12.2021

Viðtakandi		**Sendandi**	
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	
Tegund skjals	Umsögn	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			
Eldri skjalalykill			
Þarf að svara :	◉ Já ○ Nei	Er flokkað eftir eldri skjalalykli í skjalasafni.	○ Já ◉ Nei

Sent: Sent til:

Notandi: "Þóranna Rósa Ólafsdóttir" <Thoranna.Rosa.Olafsdottir@rvkskolar.is>
Dagsetning: 10.12.2021 10:57:08
Til: "SFS" <sfs@reykjavik.is>
Efni: RE: Til skólaráða - Vegna bygginga í skóla- og frístundastarfi - Ósk um umsögn
---

Heil og sæl

Skólaráð Rimaskóla fundaði í vikunni og eftirfarandi er innlegg ráðsins:

Umsögn um stefnu Reykjavíkurborga um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Skólaráð fékk til umsagnar stefnu Reykjavíkurborgar um byggingu fyrir skóla- og frístundastarf. Ráðið fór yfir stefnuna og finnst hún virkilega metnaðarfull. Vonast er til að stefnunni verði fylgt eftir og ekki gleymist eldri byggingar. Mikilvægt er að gæta jafnræði í aðbúnaði og aðstöðu í nýjum sem eldri skólabyggingum og hlutast til þess að fá starfsfólk, foreldra og nemendur með í ráð þegar tækifæri gefast til að endurgera skólabyggingar í takt við stefnuna.

Reykjavíkurborg
Foldaskóli

Foldaskóli
Siðprýði - Menntun - Sálarheill

8. desember 2021

Efni: Umsögn skólaráðs Foldaskóla um drög að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf.

Á skólaráðsfundi, föstudaginn 3. desember 2021, fjallaði skólaráð Foldaskóla um drög að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf. Fram koma að almenn ánægja er með að verið sé að vinna að slíkri stefnu og voru ekki gerðar athugasemdir við drögin.

Rætt var hver stefnan væri vegna viðhalds bygginga og bent á mikilvægi þess að skólahúsnæði og skólalóðum sé vel viðhaldið og tryggt að eldri byggingar verði ekki útundan hvað varðar endurbætur til að mæta þörfum nútíðar og framtíðar. Einnig kom fram að það þótti gott að verið væri að tengja hönnun skólahúsnæðis við hugmyndir menntastefnu borgarinnar. Á sama tíma og verið er að huga að þessum þáttum við nýbyggingar er mikilvægt að gæta að því að uppfæra einnig húsnæði eldri skóla í samræmi við menntastefnuna.

F.h. skólaráðs,
Kristrún Guðjónsdóttir skólastjóri

Foldaskóli, Logafold 1, 112 Reykjavík
Tölvupóstur: foldaskoli@rvkskolar.is
Sími: 411 7220
Heimasíða: wwww.foldaskoli.is

Fellaskóli
REYKJAVÍK

TRÚNAÐARMÁL

Reykjavík 8. desember 2021

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að stefnu Reykjavíkurborgar umbyggingar fyrir skóla- og frístundastarf.

Undirritaður skólastjóri Fellaskóla fagnar stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf.

Styrkur hennar er ekki síst sá að hún er unninn á grundvelli ríkjandi skólastefnu og gerir ráð fyrir samstarfi og samvinnu grenndarsamfélags innan skóla.

Slík samvinna getur auðveldlega orðið samtvinnuð við skólastarfið og hluti af því.

Jafnframt bendi ég á nauðsyn þess að unnið sé samkvæmt svipaðri stefnu við viðhald eldri skólabygginga. Nauðsynlegt er að þegar viðhald fer fram sé unnið heildstætt og gefnir möguleikar á því að eldri byggingum sé breytt í átt að kröfum og væntingum í skólastarfi 21. aldar. Fellaskóli er að stofni 50 ára og mikil þörf fyrir viðhald. Eðlilegt væri að endurskoða hönnun og skipulag áður en ráðist er í umfangsmiklar endurbætur.

Virðingarfyllst,

FELLASKÓLI REYKJAVÍK

Helgi Gíslason, skólastjóri

Umsögn stjórnar Foreldrafélags Hlíðaskóla:
Aðgerðaráætlun menntastefnu Reykjavíkurborgar 2022-2024

Það sem við erum ánægð með:

- Það er jákvætt að Reykjavíkurborg sé að stefna að jöfnuði, og jöfnum tækifærum. Börn eru nefnd sem virkir þátttakendur í að móta sína framtíð og þar af leiðandi er verið að ýta undir ábyrgðartilfinningu grunnskólabarna.
- Einnig er mjög jákvætt að stefnt sé að aukinni aðlögun fjöltyngdra fjölskyldna, úr mismunandi menningarheimum.
- Það er jákvætt að kyn- og geðheilbrigði sé nefnt í menntastefnunni.
  Það er verið að gera ráð fyrir að börn séu með fjölbreyttari þarfir en áður.

Það sem betur mætti fara:

- Að okkar mati lýsir skjalið ekki með hvaða hætti á að ná settum markmiðum. Nánast fullkominni framtíð er lýst án þeirra skrefa sem þarf að taka til að nálgast hana.
- Hvergi er því lýst hvernig megi ná betur utan um þá hópa sem þurfa aukna þjónustu, þó að skjalið geymi viljayfirlýsingu um að koma á móts við ólíkar þarfir. Að okkar viti er ekki til staðar stoðkerfi í skóla til að sinna þeim ásetningi sem kemur fram í skjalinu. eins og staðan er í dag er varla hægt að taka á agamálum svo vel. Hvergi er últistað með hvaða hætti eigi að auka stoðþjónustu. Mögulega væri hægt að auka við starfslið skólans, sérmenntaða einstaklinga á sviði t.d. sálfræði, félagsfræði (kynjafræði), félagsráðgjafar og svo framvegis.
- Talað er um læsi í víðum skilningi en ekki að auka skilning samhliða lestrarkunnáttu.
- Það þarf að stuðla meira að opinni umræðu um forvarnir með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf - Umsögn foreldrafélags Langholtsskóla

Bréf: Umsögn
Málsnúmer: SFS2021110030
Málalyklar: 2.6.1 Húsnæðis- og byggingamál
Eigandi skjals: Hera Elfarsdóttir
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 10.01.2022
Dagsetning skjals: 08.01.2022

Upplýsingar um viðskiptavin:
,
Netfang: "Stefanía Fanney Björgvinsdóttir" <stefania.bjorgvins@gmail.com>

Skjalalykill	2.6.1 Húsnæðis- og byggingamál	Málsnúmer	SFS2021110030
Móttökudags.	08.01.2022	Skráð í GoPro	10.01.2022

Viðtakandi		**Sendandi**	
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	
Tegund skjals	Umsögn	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			
Eldri skjalalykill			
Þarf að svara :	◉ Já ○ Nei	Er flokkað eftir eldri skjalalykli í skjalasafni.	○ Já ◉ Nei

Sent: Sent til:

Notandi: "Stefanía Fanney Björgvinsdóttir" <stefania.bjorgvins@gmail.com>
Dagsetning: 8.1.2022 13:37:22
Til: "Soffía Pálsdóttir" <soffia.palsdottir@reykjavik.is>, "SFS" <sfs@reykjavik.is>
Efni: Umsögn foreldrafélags Langholtsskóla

Til þess er málið varðar.
Umsögn stjórn foreldrafélags Langholtsskóla.
Stjórn foreldrafélags Langholtsskóla telur sig ekki geta komið með umsögn varðandi breytingar á skipulagi og byggingu skóla í hverfinu að svo stöddu.
Kynning sem okkur var boðin var að okkar mati á margan hátt ábótavant og einhliða. Til að geta sent frá okkur umsögn um málið teljum við okkur þurfa frekari kynningu sem inniheldur meðal annars:

- Kostnaðaráætlun á öllum liðum, bæði fyrir tvískipta skóla og einsetin skóla.
- Fyrirhugaðar framkvæmdir á skóla og skólalóðum ef um stækkun skólans væri að ræða.
- Niðurstöður úr könnunum sem sýna líðan nemanda í skólum, mun þar á milli tvískiptum skóla og einsetnum skóla

Eining viljum við þiggja nánari útskýringu á hvers vegna Vogaskóli er ekki með í þessum áætlunum.
Bestu kveðjur
Stjórn foreldrafélags Langholtsskóla

Skóla og frístundasvið Reykjavíkur

b.t. Helga Grímssonar

Reykjavík, 8. desember 2021.

EFNI: Umsögn um drög að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Stjórn Foreldrafélags Réttarholtsskóla vísar til erindis þíns, dags. 17.nóvember, þar sem óskað er eftir umsögn foreldrafélagsins um drög að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf .

Stjórn foreldrafélags Réttarholtsskóla fagnar fyrirlögðum drögum að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf, en bendum á að metnaðarfullri stefnu þarf að fylgja nægt fjármagn.

Við fögnum metnaðarfullum áformum um að nú eigi að samnýta húsnæði fyrir skóla- og frístundastarf enda skortir verulega á aðstöðu til frístundastarfs í hverfinu og félagsaðstaða nemenda í Réttarholtsskóla er ekki til staðar innan skólans.

Skólahúsnæði Réttarholtsskóla er komið vel til ára sinna og viljum við árétta að stjórn foreldrafélagsins styður óskir skólastjórnenda um úrbætur á húsnæðinu. Einnig köllum við eftir tímalínu áætlaðra framkvæmda við Réttarholtsskóla næstu árin.

f.h. stjórnar Foreldrafélags Réttarholtsskóla

Hrönn Ívarsdóttir

Hrönn Ívarsdóttir formaður

Desember 2021

Umsögn foreldrafélaga grunnskóla í Breiðholti um drög að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Stjórnir foreldrafélaga grunnskóla í Breiðholti hafa fengið drög að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf til umsagnar. Um leið og þakkað er fyrir tækifærið til að koma að ábendingum um drögin er það niðurstaða félaganna að vekja athygli borgaryfirvalda á því að drögin sniðganga áherslu á víðtækt aðgengi og þátttöku fatlaðra barna og foreldra í skólastarfi. Við vitum að aðgengistefna borgarinnar er í vinnslu en samkvæmt upplýsingum á heimasíðu borgarinnar mun hún fjalla um „að fólk verði ekki sökum fötlunar útilokað frá aðgengi að þeim rýmum sem opin eru almenningi“ þannig að hún virðist ekki eiga við um skólabyggingar.

Til að tryggja raunverulega inngildingu (e. inclusion) fatlaðra nemenda og foreldra í skólastarfi þarf að yrða í almennum köflum stefnunnar hvernig borgaryfirvöld sjá fyrir sér þátttöku fatlaðs fólks í öllu rými bygginga og leiksvæða fyrir skóla- og frístundastarf svo það sé á jafnréttisgrundvelli.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var undirritaður af íslenskum yfirvöldum 30. mars 2007 og fullgiltur 23. september 2016. Í sáttmála nýrrar ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur er skýrt kveðið á um lögfestingu samningsins og því löngu tímabært að borgaryfirvöld fari að tileinka sér þá hugmyndafræði sem felst í þessum mikilvæga mannréttindasamningi fatlaðs fólks og innleiði hana inn í stefnur borgarinnar.

Inngild (e. inclusive) rými þarf að hanna frá grunni af fólki sem þekkir til slíkrar hönnunar. Það sparar fjármagn sem annars þyrfti að leggja til vegna kostnaðarsamari breytinga á húsnæði, sem ljóst er að kröfur munu verða gerðar um með lögfestingu samningsins. Með inngildum rýmum er verið að að ***skapa varanleg verðmæti og umhverfi komandi kynslóða***. Í stefnu sem þessari er mikilvægt að borgaryfirvöld lýsi því hvernig gert skuli vera ráð fyrir fötluðu fólki í skólastarfi. Það er ekki nóg að láta almennar yfirlýsingar um aðgengi fyrir alla nægja. Hvað þýða þær yfirlýsingar fyrir fatlað fólk? Hvað þýða þær yfirlýsingar fyrir misupplýsta hönnuði? Hvaða kröfur ætlar borgin að gera til hönnunar? Þær verða að vera algildar, skýrar, lýsandi og hnitmiðaðar og þær verða að vera yrtar.

Það sorglegasta er að í drögunum er tilvist fatlaðra barna í skólastarfi dregin saman í kafla aftarlega í skjalinu sem kallaður er ***Menntun án aðgreiningar – allir með***. Fyrir utan almennar yfirlýsingar um aðgengi fyrir alla, sem hafa mjög takmarkaðan tilgang og eru ekki settar í neitt samhengi, er þar að finna sláandi áherslu á að *sérstaklega* þurfi að huga að hönnun sértækra og aðgreindra rýma fyrir fötluð börn og að fötluð börn þurfi sértæka „vernd“ sem mögulega réttlæti aðgreiningu þeirra. Það virðist ekki vera skilningur á því að öll börn njóta góðs af algildri hönnun er varðar aðgengi, lýsingu, hljóðvist og lykt! Punktarnir sem tilteknir eru á listanum í þessum kafla ættu að eiga við um öll börn, fötluð og ófötluð! Þessi framsetning felur í sér mjög þungbær skilaboð til fatlaðs fólks sem þegar berst gegn aðgreiningu í samfélagi. Kaflinn staðfestir þannig í reynd að hugmyndin um menntun án aðgreiningar er enn afgangsstærð, hefur engan forgang og er ekki **samþætt inn í almenna stefnumótun annarra kafla með kröfu um algilda hönnun** sem öll

njóta góðs af. Með öðrum orðum, drögin draga ekki upp mynd af fötluðum börnum sem venjulegum börnum í skólastarfi þar sem öll börn eiga heima, eru örugg og velkomin. Umfram allt verður að skilja, að ef inngilding (e. inclusion) er ekki útgangspunktur í stefnu sem þessari, þá er í reynd enn unnið að aðgreiningu innan skólastarfs borgarinnar; þó kaflaheiti sé snúið upp í draum hvers fatlaðs einstaklings, þá snýst inntakið samt sem áður um aðgreiningu.

Þegar rætt er um ***meginþemu hönnunar*** væri við hæfi að minnast á Samning SÞ um réttindi fatlaðs fólks, þar sem hugmyndin um inngildingu (e. inclusion) og aðgengi er sett fram í víðu samhengi. Öll börn njóta góðs af þeirri hugmyndafræði sem sett er þar fram, ekki aðeins fötluð börn.

Þegar rætt er um ***menntastefnu og mannvirkin*** þarf að skýra hvernig meginmarkmið stefnunnar eiga við um fötluð börn, hvernig þau geti vænst þess að vaxa, dafna og una sér með öðrum börnum í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Það þarf að hafa sérstaklega í huga að skýra með hvaða hætti þau megi öðlast sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og að þau nái árangri, ekki vegna þess að þau séu öðruvísi en önnur börn, heldur vegna þess að þau hafa haft og hafa enn margfaldar hindranir til að yfirstíga í umhverfi sínu umfram önnur börn, umhverfi sem hefur alfarið og frá grunni tekið mið af ófötluðum börnum. Í Breiðholti eru fimm grunnskólabyggingar sem allar voru, meira og minna, byggðar á 8. áratugnum og ýmislegar hindranir eru í þessum gömlu byggingum. Hvaða áætlun hafa borgaryfirvöld um að eyða þessum hindunum í vegi þeirra? Inngilding þýðir að það þarf að viðurkenna þessar hindranir og það þarf að gera markviss áform um að eyða þeim, og þessi áform þurfa að vera yrt í meðvitaðri, markvissri og viðurkenndri stefnu. Og það þarf að yrða að þau jafnréttis- og margbreytileikasjónarmið sem vísað er til inniberi sjónarhorn fötlunar.

Þegar rætt er um leiðir til að ***láta draumana rætast*** er algert lykilatriði að það sé yrt að gert sé ráð fyrir fötluðum börnum í öllum rýmum sem ætluð eru til samveru, þau séu aðgengileg börnum með mismunandi tegundir skerðinga með algildri hönnun sem auðveldar samskipti fatlaðra og ófatlaðra barna og að gert sé ráð fyrir aðstoðarfólki ef við á. Hönnun sem gagnast fötluðum börnum gagnast ófötluðum börnum. Þegar gert er ráð fyrir rými fyrir menningarviðburði verður það að vera aðgengilegt fötluðum börnum. Það á við t.d. um svið fyrir menningarviðburði, skólaleikrit og tónlistarþátttöku og önnur rými þessu tengd s.s. salerni og búningsherbergi. Þá þarf að yrða að lóðir og leiksvæði geri ráð fyrir að fötluð börn leiki sér með öðrum börnum, ekki ein úti í horni. Það eru til leiktæki sem búa yfir algildri hönnum, jafnvel kastalar sem hægt er að renna hjólastólum um. Slík leiktæki eru jafn spennandi og vinsæl meðal ófatlaðra barna eins og fatlaðra barna. Fötluð börn þurfa að komast í nánd við gróður og náttúru í umhverfi sínu eins og önnur börn, þetta þarf að yrða. Og fötluð börn þurfa að hafa sama aðgengi að matsal, bókasafni, tæknilausnum og fjölbreyttum upplýsingum og önnur börn, það þarf að yrða það líka. Og það þarf að taka það fram að ekkert barn á að upplifa það í byggingum að gangar og stigar séu hannaðir án rampa. Það er sárara en tárum taki að börn þurfi að fara krókaleiðir að skólastofunum sínum í fylgd og þurfi jafnvel að notast við óaðgengilegar lyftur sem eru faldar í afkimum skólabygginga. Algild hönnun ætti að snúast um að tryggja sjálfstæði og reisn þeirra einstaklinga sem hér um ræðir.

Allt þetta, og meira til, þarf að taka sérstaklega fram í stefnu Reykjavíkurborgar, ekki vegna þess að fötluð börn séu eitthvað öðruvísi en önnur börn, heldur vegna þess að fötluð börn hafa ekki getað gengið að þessu **aðgengi, rými, samveru, samskiptum, öryggiskennd, vellíðan, reisn**

og frelsi í skólaumhverfi sínu sem sjálfsögðu og vísu. Nýleg dæmi eru um að fatlaðir einstaklingar hafi á opinberum vettvangi lýst skólagöngu sinni í grunnskóla sem hreinni martröð, upplifun sem hafi heft og hamlað frekari tækifæri til mennta og hafi markað allt lífið.

Samningur SÞ um réttindi fatlaðs fólks markar straumhvörf í viðhorfum til lífs- og samfélagsþátttöku fatlaðs fólks. Látum hann verða vitann sem lýsir okkur inn í nýja tíma, ábyrga hönnun, grænt plan og inngilt samfélag aðgengis, réttlætis, samstöðu og jafnréttis.

Foreldrafélag Breiðholtsskóla
Foreldrafélag Fellaskóla
Foreldrafélag Hólabrekkuskóla
Foreldrafélag Seljaskóla
Foreldrafélag Ölduselsskóla

Vegna bygginga í skóla- og frístundastarfi - Umsögn - Rauðaborg

Bréf: Umsögn
Málsnúmer: SFS2021110030
Málalyklar: 2.6.1 Húsnæðis- og byggingamál
Eigandi skjals: Hera Elfarsdóttir
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 19.11.2021
Dagsetning skjals: 19.11.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:
,
Netfang: "Hrafnhildur Vala Grímsdóttir" <h.vala.g@hotmail.com>

Skjalalykill	4.1 Málefni einstakra barna	Málsnúmer	SFS2021110030
Móttökudags.	19.11.2021	Skráð í GoPro	19.11.2021

Viðtakandi		**Sendandi**	
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	
Tegund skjals	Umsögn	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			
Eldri skjalalykill			
Þarf að svara :	◉ Já ○ Nei	Er flokkað eftir eldri skjalalykli í skjalasafni.	○ Já ◉ Nei

Sent: Sent til:

Notandi: "Hrafnhildur Vala Grímsdóttir" <h.vala.g@hotmail.com>
Dagsetning: 19.11.2021 14:26:25
Til: "SFS" <sfs@reykjavik.is>
Afrit til: "Egill Óli (móðir)" <silla.jonsdottir@gmail.com>, "Áslaug Eva Antonsdóttir" <Aslaug.Eva.Antonsdottir@rvkskolar.is>, "Unnur Hermannsdóttir" <Unnur.Hermannsdottir@rvkskolar.is>
Efni: Re: Til foreldraráða - Vegna bygginga í skóla- og frístundastarfi - Ósk um umsögn
---

Sæl,

Foreldraráð Rauðaborgar hefur móttekið og yfirfarið Stefnu Reykjavíkurborgar um byggi?ngar fyrir skóla- og frístundastarf. Foreldraráð er ánægt með stefnuna og gerir ekki athugasemdir við innihald hennar,

Hrafnhildur Vala Grímsdóttir,
Sigurlaug Jónsdóttir,
Áslaug Eva Antonsdóttir

From: Unnur Hermannsdóttir <Unnur.Hermannsdottir@rvkskolar.is>
Sent: Wednesday, November 17, 2021 1:27 PM
To: Egill Óli (móðir) <silla.jonsdottir@gmail.com>; Kristín Eva (móðir) <h.vala.g@hotmail.com>; Áslaug Eva Antonsdóttir <Aslaug.Eva.Antonsdottir@rvkskolar.is>

Umsögn skólaráðs Norðlingaskóla vegna stefnu Reykjavíkur um byggingar fyrir skóla-og frístundastarf

Bréf: Umsögn
Málsnúmer: SFS2021110030
Málalyklar: 2.6.1 Húsnæðis- og byggingamál
Eigandi skjals: Ásdís Baldursdóttir
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 03.12.2021
Dagsetning skjals: 03.12.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:
,
Netfang: "Aðalbjörg Ingadóttir" <Adalbjorg.Ingadottir@rvkskolar.is>

Skjalalykill	2.6.1 Húsnæðis- og byggingamál	Málsnúmer	SFS2021110030
Móttökudags.	03.12.2021	Skráð í GoPro	03.12.2021

Viðtakandi		**Sendandi**	
Deild (Ráðhúss)	Skóla og frístundasvið	Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	
Tegund skjals	Umsögn	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			
Eldri skjalalykill			
Þarf að svara :	◉ Já ○ Nei	Er flokkað eftir eldri skjalalykli í skjalasafni.	○ Já ◉ Nei

Sent: Sent til:

Notandi: "Aðalbjörg Ingadóttir" <Adalbjorg.Ingadottir@rvkskolar.is>
Dagsetning: 3.12.2021 14:41:58
Til: "SFS" <sfs@reykjavik.is>
Efni: Umsögn skólaráðs Norðlingaskóla vegna stefnu Reykjavíkur um byggingar fyrir skóla-og frístundastarf
---

Beinist til þess er málið varðar

Efni: Umsögn skólaráðs Norðlingaskóla vegna stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf:

Skólaráð Norðlingaskóla leggur áherslu á að hönnun bygginga verði með þeim hætti að þær nýtist fjölbreyttum þörfum skólasamfélagins, þ.e. nemendum, kennurum, foreldrum og íbúum hverfisins fyrir fjölbreytta starfsemi frá morgni til kvölds. Byggingarnar þurfa að skapa góðar tengingar við samþætt skólastarf þ.e. námssvæði, frístundasvæði og útisvæði og mynda heild. Öll hönnun þarf að miða að því að geta lagað sig að síbreytilegu skólastarfi þar sem

hægt er að afmarka rými á aðgengilegan hátt með því að loka og opna á minni eða stærri svæði allt eftir þörfum hverju sinni. Mikilvægt er að húsnæði og búnaður skóla taki mið af nemendum sem þurfa að rækta hæfileika sína tengt fjölbreyttum iðngreinum til þess að koma í veg fyrir brottnám nemenda í grunnskóla en samkvæmt Menntastefnu Reykjavíkurborgar og ríkisins þarf húsnæði grunnskóla að skapa aðstæður til fjölbreyttar kennslu og sköpunar tengt iðngreinum.

Skólaráð Norðlingaskóla leggur jafnframt áherslu á að þessum fallegu og framsæknu hugmyndum sem koma fram í drögum um stefnu vegna bygginga í skóla- og frístundastarfi borgarinnar fylgi tímasett aðgerðaráætlun og fjármagn til að láta drauma nemenda, kennara, foreldra og íbúa hverfisins rætast.

Kær kveðja,

Aðalbjörg

[IMAGE][IMAGE]

Aðalbjörg Ingadóttir

skólastjóri Norðlingaskóla

s: 411-7640

www.nordlingaskoli.is

- image001.png

- image002.png

Skólaráðsfundur í Borgaskóla 29. nóvember 2021

Á fundinum voru auk fulltrúa skólaráðs, nemendaráð skólans.

Umsögn um drög að Stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla-og frístundastarf.

Skólaráð fagnar framsæknum hugmyndum um umgjörð skólastarfs í Reykjavík sem koma fram í drögunum. Einnig að hagsmunaaðilar fái tækifæri til þess að taka þátt í hugmyndavinnu á hönnunarstigi. Minnum á mikilvæga þátttöku nemenda í þeirri vinnu.

Skólaráð Borgaskóla telur áríðandi að gerð verði áætlun um endurbætur á eldra skólahúsnæði í Reykjavík þannig að allt skólahúsnæði borgarinnar uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í drögunum. Mikilvægt er að skólabyggingar og umhverfi þeirra þjóni skóla-og frístundastarfi sem tekur mið af skapandi lærdómssamfélagi, þar sem námsumhverfið er fjölbreytt og gefur nemendum tækifæri til þess að takast á við margvísleg viðfangsefni og starfsfólki sé skapað heilnæmt vinnuumhverfi.

Reykjavíkurborg
Laugalækjarskóli

Reykjavík 8. desember 2021

Tekið fyrir og samþykkt á skólaráðsfundi

Umsögn skólaráðs Laugalækjarskóla um drög að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf.

Á heildina litið virðast drögin vel heppnuð, skipulega fram sett og læsileg. Gott er að sjá að með sundurliðuðum hætti má greina út frá hvaða þáttum í stefnum borgarinnar er gengið hverju sinni, og svo hvernig ætlunin er að mæta hverjum þætti. Sjá t.d. kaflana undir fyrirsögninni „Það gerum við með því að…“ .

Nokkur atriði myndu styrkja stefnuna um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf að mati okkar í skólaráði Laugalækjarskóla og gerum við grein fyrir þeim hér fyrir neðan:

- Ekkert er fjallað um tímasetningar og ferils máls í stefnunni, þ.e. ferlið frá því að húsnæðisþörf skapast og þar til framkvæmdir hefjast, og rýrir það gildi stefnunnar. Hér nægir að vísa til þess hvernig dregist hefur úr hófi að finna lausnir á húsnæðisvanda grunnskólanna í Laugardalnum þrátt fyrir löngu fyrirséðan vanda, og hvernig ferlið virðist vera ófyrirsjáanlegt.
- Við umfjöllun um tímasetningar mætti einnig flétta saman nánari lýsingu á því samráðsferli við aðila skólasamfélagsins, sem með of óljósum hætti má greina af stefnunni stefnt er á að viðhafa.
- Í stefnunni er ekki fjallað um þær áskoranir í öryggismálum sem vænst er til að skólar mæti, t.d. varðandi heimsóknir ókunnugra í skólann.
- Umfjöllun um þarfir fyrir mismunandi aldursstig, skipt í leikskóla og yngra stig annars vegar og miðstig og eldra stig hins vegar kann að virka stefnumótandi. Óljóst er hvort ætlast er til að miða eigi nýja skóla við þessa skiptingu og taka þarf af allan vafa um hvort það sé hugmyndin eða ekki.

Fyrir hönd skólaráðs Laugalækjarskóla,

Jón Páll Haraldsson
skólastjóri

Landssamtökin Þroskahjálp
Mannréttindi fyrir alla!

Athugasemdir Landssamtakanna Þroskahjálpar um drög að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Reykjavík 14. desember 2021

Athygli Landssamtakanna Þroskahjálpar var vakin á drögum að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf, en samtökunum var ekki send stefnan til umsagnar. Þó að umsagnarfrestur sé liðinn viljum við koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Íslensk stjórnvöld fullgiltu samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbundu sig þar með til þess að framfylgja ákvæðum hans á öllum sviðum.

Stefnumótunin sem hér um ræðir er afar mikilvæg og því veldur það miklum vonbrigðum að stefnan sé ekki nýtt sem tækifæri til þess að skýra kröfuna um algilda hönnun og viðeigandi aðlögun, en bæði hugtökin eru skilgreind í 2. gr. samnings SÞ þar sem segir

„viðeigandi aðlögun“ merkir nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem eru ekki umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilviki, til þess að tryggt sé að fatlað fólk fái notið eða geti nýtt sér, til jafns við aðra, öll mannréttindi og grundvallarfrelsi,

„algild hönnun“ merkir hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu, sem allt fólk getur nýtt sér, að því marki sem mögulegt er, án þess að koma þurfi til umbreyting eða sérstök hönnun. „Algild hönnun“ á ekki að útiloka hjálpartæki fyrir tiltekna hópa fatlaðs fólks, þar sem þeirra er þörf.

Í 4. kafla samningsins er fjallað um almennar skuldbindingar og þær aðgerðir sem aðildarríkin skuldbinda sig til þess að efla til að tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk, án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar. Þar segir í f lið að aðildarríki skulbindi sig til þess:

- *að framkvæma eða gangast fyrir rannsóknum og þróun á algildri hönnun framleiðsluvara, þjónustu, tækja og aðstöðu í samræmi við 2. gr. samnings þessa, sem breyta þarf sem allra minnst og með sem minnstum tilkostnaði til þess að mæta sérstökum þörfum fatlaðs fólks, til að stuðla að framboði á þeim og notkun og til að stuðla að algildri hönnun í þróun staðla og leiðbeininga,*

Það eru óneitanlega mikil vonbrigði að hugtökin *algild hönnun* og *viðeigandi aðlögun* koma hvorug fyrir í stefnudrögunum. Algilda hönnun má skilgreina sem hönnun alls manngerðs umhverfis sem er aðgengilegt, skiljanlegt og auðvelt í notkun fyrir alla óháð aldri, stærð, kyni, getu, fötlun eða öðrum tilfallandi eiginleikum. Umhverfi ætti að vera, eins og kostur er, hannað til að mæta þörfum allra sem vilja nota það. Umhverfi er samansett úr mörgum þáttum og því ekki til ein lausn sem svarar þörfum

allra hópa. En það er hægt að skapa umhverfi með margþættri nálgun og lausnum þar sem tiltölulega einfalt er að beita viðeigandi aðlögun til að tryggja aðgengi fatlaðs fólks. Algild hönnun er því ekki sérstök krafa jaðarsettra hópa heldur grundvallarskilyrði góðrar hönnunar. Með því að huga að fjölbreyttum þörfum í gegnum hönnunarferlið skapar algild hönnun umhverfi sem með viðeigandi aðlögun mætir þörfum og virðir mannréttindi allra.

Í stefnumótun sem þessari er gríðarlega mikilvægt að fjalla á ígrundaðan hátt um hvernig algild hönnun og viðeigandi aðlögun tengist, enda aldrei hægt að útbúa umhverfi þannig að henti öllum í eitt skipti fyrir öll og því mikilvægt að hanna umhverfi þannig að beita meigi viðeigandi aðlögun án mikils tilkostnaðar og/eða fyrirhafnar til að tryggja að allir njóti aðgengis og viðurkenndra mannréttinda sem því fylgir í reynd. Hönnun og umhverfismál eru með augljósum hætti mannréttindamál og afar mikilvægt er að stefnan taki skýrt og fullt mið af því.

Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar um ræðir stefnumótun fyrir skóla- og frístundaumhverfi barna. Um langt árabil hefur verið unnið að því að skipuleggja skólastarf án aðgreiningar á Íslandi, með misjöfnum árangri. Reykjavíkurborg skilgreinir skóla án aðgreiningar svo:

Í skóla án aðgreiningar er sérhverju barni mætt í námi og félagsstarfi óháð atgervi þess og stöðu. Fullgild og virk þátttaka allra barna og virðing fyrir réttindum þeirra er leiðarljós reykvískra grunnskóla.

Að allir nemendur eigi kost á að sækja hverfisskóla sinn þar sem þeir fá kennslu við sitt hæfi. Þetta merkir m.a. að foreldrar barna með alvarlegar fatlanir geta valið um það hvort börn þeirra sæki hverfisskóla, sérskóla eða sérdeildir

Hér er mikilvægt að árétta að skóli og frístundastarf, án aðgreiningar, felst ekki í því að öll börn séu undir sama þaki en í aðgreindum úrræðum heldur að þau hafi öll aðgengi að sama rými og þátttöku í því sem fram fer í þessu rými. Það er ljóst að til þess að skilgreina hvernig rými nýtist fötluðu fólki til jafns við aðra er mikilvægt að taka ólíkar og fjölbreyttar þarfir til greina. Ekki er nóg að gera ráð fyrir því að rými sem nýtist almennt sé einnig aðgengilegt fyrir fatlað fólk nema þess sé gætt að hönnunin bjóði upp á möguleika á viðeigandi aðlögun, án ærinnar fyrirhafnar eða kostnaðar, ef þess þarf. Þess vegna eru það vonbrigði að það litla sem fjallað er fötluð börn í stefnudrögunum lýtur að áherslu á að búa þurfi þeim sérrými fremur en skýra hvernig stefnunni er ætlað að stuðla að inngildandi (e. inclusive) skólastarfi þar sem þörfum allra er mætt og mannréttindi allra tryggð. Þetta ákvæði í stefnudrögunum er í mótsögn við stefnuna um skóla án aðgreiningar.

Landssamtökin Þroskahjálp taka undir ábendingar sem fram koma í umsögn foreldrafélaga grunnskóla í Breiðholti og lýsa um leið yfir vilja til þess að eiga við Reykjavíkurborg samtal og samráð um hvernig best má vinna úr þeim ábendingum varðandi fatlað fólk sem fram hafa komið í tengslum við stefnuna. Samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna er skylt að hafa slíkt samráð við fatlað fólk eða hagsmunasamtök sem koma fram fyrir þess hönd, eins og lesa má um í kaflanum sem fjallar um almennar skuldbindingar:

Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annað ákvörðunartökuferli varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Landssamtökin Þroskahjálp eru regnhlífasamtök félaga sem hugsa sérstaklega um þarfir, tækifæri og hagsmuni barna með þroskahömlun og einhverfu, sem og fatlaðra barna og ungmenna.

Virðingarfyllst,

Anna Lára Steindal, verkefnisstjóri í málefnum barna, ungmenna og fólks af erlendum uppruna.

Haraldur Civelek, hönnuður og verkefnisstjóri audlesid.is